




SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson las Íslandsklukkuna Halldórs Laxness í aðventumyrkrinu. **13**



MENNING Hljómsveitirnar Portishead og Interpol koma fram á tónlistarhátíðinni ATP Iceland. **26**



SPORT Íslenska handboltalandsliðið tapaði stórt í síðasta leik og missti af gullinu á Þýskalandsmótinu. **22**



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

6. janúar 2014
4. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Atgangur í Smáralind

Púsundir ungmenna reyndu að berja Vine-stjórnumar Jerome Jarre og Nash Grier augum í Smáralind í gær. Börn slösuðust og bílar skemmdust. **2**

Blinda augað á fortíðina Alræmdur njósnaforingi í Búrma rekur nú gallerí og segist hættur afskiptum af stjórnmálum. **4**

Langar að fljúga Hjalmar Grétarsson er einn margra flugmanna sem hafa ekki fengið vinnu við fagið. Hann lærði verkfræði með flugnámi. **10**

Priðjungur yfir kjörþyngd Einn af hverjum þremur fullorðnum í heiminum er yfir kjörþyngd. Þá hefur tala of feitra í þróunarríkjum fjórfaldast frá 1980. **10**



Bolungarvík	-3°	☁	NA12
Akureyri	0°	☁	N 6
Egilsstaðir	1°	☁	NA 6
Kirkjubæjarkl.	3°	☁	NA 5
Reykjavík	1°	☁	NA10

Strekkingur eða allhvas vindur NV- og V-til. Bætur í vind A-lands í kvöld. Slydda eða snjócoma N- og A-lands. Hiti um frostmark N-til en 0-5 stig syðra. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



FLUGSLYS Í HLÍÐARFJALLI Sjúkraflugvél Mýflugs brotlenti við akstursbraut Bílaklúbbs Akureyrar. Myndin er úr myndskaiði sem birt verður á Vísí og Stöð 2 í dag.

Bróðir sjúkraflutningamanns krefst rannsóknar á flugslysi

Lögmaður barna sjúkraflutningamanns sem fórst í flugslysi á Akureyri, segir ósamræmi vera milli framburðar vitna og skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Föðurbróðir barnanna vill opinbera rannsókn á slysinu.

LÖGREGLUMÁL „Það virðist vera svo margt sem ekki passar í þessu ferli öllu,“ segir Mikael Tryggvason, sem hyggst óska opinberrar rannsóknar á tildrögum flugslyss á Akureyri fyrir fimm mánuðum.

Bróðir Mikael, Pétur Tryggvason sjúkraflutningamaður, lést í flugslýsinu ásamt flugstjóra vélarinnar. Annar flugmaður sem var um borð lifði af. Um var að ræða sjúkraflutningavél frá Mýflugi sem brotlenti á akstursbraut Bílaklúbbs Akureyrar mánudaginn 5. ágúst. Flugstjórinn var gjaldkeri bíla-

klúbbsins. Lágflug vélarinnar yfir akstursbrautinni var brot á reglum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa segir í bráðabirgðaskýrslu um slysið að flugvélin hafi „misst hæð“ þegar hún nálgast akstursbrautina í vinstri beygju. Mikael Tryggvason telur þetta hvorki ríma við frásögn sjónarvotta né myndbandsupptökur af slysinu. „Eftir því sem kunnáttumenn segja mér er flugvélin að fljúga, hún er ekki að missa hæð,“ segir hann.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður tveggja barna Péturs, segir

sömuleiðis að ályktanir rannsóknarnefndarinnar um að flugvélin hafi „misst hæð“ stangist á við framburð vitna sem lágu fyrir hjá lögreglu strax daginn eftir slysið. „Samkvæmt sjónarvottum missti vélin ekki hæð heldur var henni flogið allan tímann. Þarna er verulegt ósamræmi,“ segir Vilhjálmur.

Flugmaðurinn sem lifði af, Axel Albert Jensen, vill ekki veita viðtal. Í skýrslu lögreglu segir hins vegar að Axel hafi verið vel áttaður eftir slysið. „Axel talaði um að honum hafi fundist að vélinni hafi

„Eftir því sem kunnáttumenn segja mér er flugvélin að fljúga, hún er ekki að missa hæð.“

Mikael Tryggvason
verði flogið allt of lágt og að hann hafi haft orð á því við flugstjóran,“ segir í skýrslunni. - gar / sjá síðu 6

Núverandi og fyrrverandi umhverfisráðherra ósammála um Þjórsárver:

Deila um mörk friðlandsins

UMHVERFISMÁL „Þetta er mjög afhjúpanði leið sem ráðherra velur þarna, hann er í raun og veru að draga línu sem mynduð er að ósk Landsvirkjunar og það er ekki verkefni umhverfisráðherra hvers tíma að búa til einhvers konar hlaðborð fyrir orku-fyrirtækin,“ segir Svandís Svavarsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, í samtali við Fréttablaðið um ákvörðun Sigurðar Inga Jóhannssonar umhverfisráðherra

að breyta friðlýsingarskilmálum Þjórsárvera sem gerir framkvæmd Norðlingaölduveitu mögulega.

Mörk friðlandsins verða dregin í kringum lónið, svo veitan falli utan við friðlýsta svæðið.

Sigurður Ingi segir að síðan menn byrjuðu að berjast fyrir friðun Þjórsárvera hafi orðið almenn sátt um hana. Þá snerust átökin um það hvort Norðlingaölduveita væri inni í skilgreindu svæði

sem hétu Þjórsárver eða fyrir utan en sú umræða hefur aldrei verið kláruð.

„Svandís teiknaði stækkun friðlandsins í Þjórsárverum langt út fyrir það sem menn almennt kalla Þjórsárver,“ segir Sigurður í samtali við Fréttablaðið.

Hann segir að þar gæti því átt í framtíðinni eftir að skilgreina nýja orkukosti sem yrðu þá metnir af verkefnisstjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar.

- fbj / sjá síðu 8



SPURNING DAGSINS



Dóri, ertu svona svakalega sannspár?

„Nostradamus var ekkert merkilegr en ég.“

Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA, sendi sjálfum sér bréf þegar hann var í áttunda bekk, þar sem hann spáði fyrir um hvernig líf sitt yrði í framtíðinni. Nú, sextán árum síðar, kom í ljós að hann var nokkuð sannspár.

Fjöldi verkamanna lést þegar íbúðarhúsnæði í smíðum hrundi á Indlandi:

Tugir taldir fastir í rústunum

INDLAND, AP Að minnsta kosti 15 létust þegar fimm hæða íbúðarhús í smíðum í bænum Canacona á Indlandi hrundi í gær. Björgunarmenn leituðu eftirlifenda í rústunum í gær. Stjórnvöld grunar að tugir manna séu enn fastir í rústunum. Hermenn og slökkviliðsmenn hlustuðu eftir köllum frá rústunum og björguðu þannig tíu manns.

Yfirvöld í héraðinu höfðu farið fram á að byggingin yrði skoðuð eftir að sprungur mynduðust í nærliggjandi húsum, sem voru

byggð af sama fyrirtæki. Hönnun hússins er sögð gölluð og það hafi valdið slysinu. Lögregla rannsakar nú fyrirtækið og þá embættismenn sem samþykktu bygginguna, en hefur hvorki náð sambandi við framkvæmdastjóra fyrirtækisins né verktaka. Því er ekki vitað hve margir voru í byggingunni.

Alengt er á Indlandi að byggingar hrynji. Mikil eftirspurn er eftir húsnæði og slægt regluverk ýtir undir notkun lélegs byggingarefnis og ósamþykktar hæðir. - skó



LÍKFLUTNINGUR Björgunarmenn bera hér lík verkamanns frá rústum húss sem hrundi á Indlandi. MYND/AP

Flugvél nauðlent í Medina: Tróðust undir við rýmingu

SÁÐI-ARABÍA, AP Lendingarbúnaður bílaði í flugvél flugfélagsins Saudi Arabian svo nauðlenda þurfti henni í borginni Medina í gær.

Ekki var mögulegt að setja afturhjul vélarinnar niður.

Alls slösuðust 29 manns af þeim 315 sem í vélinni voru, þó ekki við landinguna heldur tróðust þeir undir þegar vélin var rýmd. Tólf voru fluttir á sjúkrahús.

- skó



KASTAR ATKVÆÐI SÍNU Kona nýtir sér kosningarétt sinn á kjörfundi í lögrelustöð í Dakka í Banglades í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á annan tug drepnir í átökum lögreglu og mótmælenda:

Kveikt í yfir 100 lögrelustöðvum

BANGLADESS, AP Lögregla í Banglades skaut á mótmælendur og aðgerðasinnar úr röðum stjórnarandstöðu kveiktu í meira en hundrað lögrelustöðvum við upphaf þingkosninga í landinu í gær. Stjórnarandstæðingar sniðganga kosningarnar og alþjóðasamfélagið segir þær gallaðar. Þrettán hið minnsta eru sagðir hafa látið lífið í átökunum.

Ákvörðun forsætisráðherra Banglades um að hunska ákall um að hann skipaði hlutlausan tilsjónarmann kosninganna leiddi til sniðgöngunnar og mótmælanna. - óká

Fréttastjóri viðskiptafrétta:

Faney Birna með viðskiptin

FJÖLMÍDLAR Faney Birna Jónsdóttir blaðamaður hefur tekið við starfi fréttastjóra viðskiptafrétta 365 miðla. Faney Birna er þritug og hóf störf hjá 365 miðlum í fyrra. Hún lauk lögræðinami 2010 og starfaði sem héraðsdómslögmaður hjá Opus lögmönnunum.

Faney Birna ritstýrir meðal annars Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskiptalífið og viðskiptavéf Vísis. - óká



FANEY BIRNA JÓNSDÓTTIR

Ný hrina sprenginga í Írak:

Sprengjuárásir felldu marga

ÍRAK, AP Hrina sprengjuárása var gerð í Bagdad, höfuðborg Íraks, í gær og féllu að minnsta kosti tuttugu manns. Mannskæðasta árásin var gerð á veitingastað og tehus, þar sem tvær bilasprenjur voru sprengdar samtímis. Embættismenn í Bagdad segja tíu hafa fallið og 26 slasast í árásinni.

Öryggissveitir Íraks sitja nú um borgirnar Fallujah og Ramadi, þar sem vígamenn frá samtökunum ISIL ráða lofum og lögum. Hershöfðinginn Rasheed Fleih segir það muni taka tvo til þrjú daga að ná borgunum að fullu aftur á vald stjórnvalda. - skó

Börn slösuðust og bílar skemmdust

Vine-stjórnur Jerome Jarre og Nash Grier gerðu allt vitlaust í Smáralind í gær. Þúsundir ungmenna komu þar saman til að berja stjórnurnar augum sem höfðu tilkynnt komu sína í Smáralind á samfélagsmiðlum.

FÓLK „Það var ekki hægt að komast neitt, þetta var algjör martröð og ég er eiginlega enn þá í sjokki,“ segir Andri Marinó Karlsson, ljósmyndari Vísis, sem staddur var í Smáralind í gær þegar Vine-stjórnunum Jerome Jarre og Nash Grier brá þar fyrir.

Miklar skemmdir urðu á bílum og vitni segja gríðarlegt öngþveiti hafa skapast þegar mikill fjöldi unglunga safnaðist saman í Smáralind um klukkan fjögur í gær til að sjá kappana.

Vine-stjórnurnar dreifðu þeim boðskap á samfélagsmiðlunum að þeir hygðust vera í Smáralindinni klukkan fjögur á sunnudag. „Klukkan fjögur var hálf Smáralind troðfull af unglungum. Ég sá síðan börn detta inn í jólatréð og þarna heyrðist í grátandi börnum sem kom síðan í ljós að höfðu slasast eitthvað. Síðan barst þvagan út í gegnum starfsmannaútgang sem öryggisvörðurinn opnaði en hann réði ekkert við mannfjöldann,“ útskýrir Andri Marinó og bætir við að ekki hafi verið hægt að hreyfa sig fyrir mannmergð.

Þúsundir ungmenna lögðu leið sína í Smáralindina og hefur annar eins fjöldi sjaldan sést í verslunarmiðstöðinni. Þegar franska stjarnan hafði lokið sér af inni í Smáralindinni færðust lætin út á bílastæði Smáralindarinnar. „Þegar komið var út á bílastæðið norðanmegin stökk fólk upp á bíla sem skemmdust. Jerome stóð með Nash uppi á einum bílnum og það voru ótrúleg öskur og læti. Krakkarnir tóku síðan allir upp símana sína og voru að taka þetta upp.“

Lögreglan mætti á staðinn til



ALLIR VILJA MYND Jerome Jarre er hér uppi á bílpaki og unglungarnir þyrpast að honum með myndavélarnar á lofti. MYND/ANDRI MARINÓ

Hver er Jerome Jarre og hvað er Vine?

Jerome Jarre er 23 ára gamall franskur strákur sem hefur öðlast heimsfrægð fyrir skemmtileg myndbönd á samfélagsmiðlinum Vine.

Hann er því eins konar net-skemmtikraftur og hefur meðal annars komið fram í spjallþætti Ellen Degeneres. Myndbönd hans hafa verið birt af fjölmiðlum víðs vegar um heiminn. Meginþemað í myndböndum Jeromes eru vandræðalegar eða fyndnar upptökur með ókunnugu fólki.

Vine er samfélagsmiðill, líkt og Instagram og Facebook, þar sem notendur deila stuttum myndböndum. Einungis er hægt að hláða upp sex sekúndna örmyndböndum á Vine. Nú fylgja Jerome Jarre tæplega fjórar milljónir manna á Vine.

aðstoðar en ekki liggur fyrir hversu mikið tjón varð af öngþveitinu.

Á Twitter-síðu sinni baðst Jarre, sem dvalið hefur á landinu undan-



MIKLAR SKEMMDIR Skemmdir urðu á bílum og öðrum eignum í öngþveitinu í Smáralind. MYND/ANDRI MARINÓ

farna daga, afsökunar á ringulreiðinni og vonaðist til þess að enginn hefði slasast. gunnarleo@frettabladid.is, johannes@frettabladid.is

Jóga Jóga Jóga!



- Hefst 7. janúar
- Þri. og fim. kl. 12:00-13:00 Grunnur
- Mán. og fös. kl. 12:00-13:00 Framh.
- Kennari: Gyða Dís
- Verð kr. 13.900.-

Vekjum upp líkamsvitundina og uppskerum betri líkamsstöðu, aukinn styrk og betra jafnvægi til að takast á við daglegt amstur.

Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

Stjórnvöld í Noregi fela lögreglu að rannsaka þegar lax slapp úr sjókví: Þúsundir laxa sleppa úr sjókví

NOREGUR Það er mat norska laxeldisfyrirtækisins Norway Royal Salmon að 68.000 laxar hafi sloppið úr sjókví fyrirtækisins í byrjun desember. Aðeins nokkur hundruð laxar náðust aftur.

Kvín er staðsett um það bil miðja vega á milli Bergen og Stavanger við suðvesturströnd Noregs. Í henni voru 130.000 laxar og meðalþyngd fiskisins var um þrjú kíló þegar hann slapp úr kvínni. Aðeins 347 laxar náðust eftir að starfsmenn fyrirtækisins staðfestu hvers kyns var.

Fyrirtækið Norway Royal Salmon hefur þá stefnu að enginn lax eigi nokkru sinni að sleppa úr sjókvíum þess, og mun í framhaldinu skoða allan búnað og verkferla til að fá staðfest hvað fór úrskeiðis. Enn er á huldu hvers vegna svo mikið af laxi slapp út, að sögn norskra fjölmiðla.

Þá kemur fram að norsk yfirvöld gruni að laxinn hafi sloppið vegna þess að farið var á skjön við sjóeldisreglugerðir í Noregi, sem eru strangar. Eins segir að atvikið komi í kjölfar þess að lax hafa sloppið út annars staðar við Noregstrendur í stórum stíl á síðasta ári. - há



SLÁTRUN Laxinn sem slapp var svipaður að stærð og þessi hér. Myndin tengist fréttinni ekki. MYND/SIGURJÓN

231.771.999 Aukakrónur endurgreiddar árið 2013

A-korthafar fengu endurgreiddar ríflega 231 milljón Aukakróna árið 2013. Aukakrónurnar safnast sjálfkrafa og má nýta í allt milli himins og jarðar hjá yfir 300 samstarfsaðilum. Ert þú með A-kort?



Aukakrónur

Það er auðvelt að safna.
Þú færð Aukakrónur fyrir:

- » alla innlenda veltu af kreditkort
- » viðskipti við samstarfsaðila
- » þjónustuþætti hjá Landsbankanum

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



SVONA ERUM VIÐ



12,9 milljarða króna munur var á tekjum af erlendum ferðamönnum á þriðja fjórðungi 2012 og 2013.

Á þriðja fjórðungi 2012 voru tekjurnar 93,8 milljarðar.

Á sama tíma 2013 voru þær 106,7 milljarðar.

Heimild: Hagstofa Íslands

Frans páfi tilkynnir að hann mun heimsækja Ísrael, Palestínu og Jórdanú: Páfinn heimsækir landið helga

VATÍKANÍÐ, AP Frans páfi tilkynnti í gær að hann ætlar að ferðast til Ísraels, Vesturbakkans og Jórdanú í maí og verður það fyrsta heimsókn hans til landsins helga. Páfinn sagði í sunnudagsblessun sinni að tilgangur ferðarinnar væri að minnast þess að fimmtíu ár væru frá fundi Páls níunda og þáverandi leiðtoga rétttrúnaðarkirkjunnar, Aþengorusar. Ferðin mun þó einnig undirstrika nán tengsl Frans við gyðinga og múslíma og langvarandi kall Vatíkansins um frið í Mið-Austurlöndum.

Mahmud Abbas, forseti Palestínu, segir heimsókn páfans kærkomna og vonar að heimsóknin dragi úr þjáningu Palestínumanna, sem óski eftir frelsi, réttlæti og sjálfstæði. Utanríkisráðherra Ísraels, Yigal Palmor, var spenntur fyrir heimsókninni og sagði páfann velkominn til Ísraels og honum yrði tekið jafn vel og forverum hans. Konungshöll Jórdanú segir heimsóknina vera mikilvægan áfanga fyrir bræðralag og fyrirgefningu á milli múslíma og kristinna. - skó



PÁFINN TIL MIÐAUSTURLANDA Frans páfi mun sækja landið helga heim í maí og skoða hæðina þar sem Jesús var krossfestur. MYNDIAP

Handtekinn fyrir þjófnað: Stal söfnunar-bauk Hringins

LÖGREGLUMÁL Karlmaður var handtekinn í gær eftir að hafa reynt að stela söfnunarbauk fyrir barnaspítala Hringins á kaffihúsi við Höfðatorg. Í ljós kom að hann hafði kvöldið áður stolið sams konar bauk í ísbúð við Fákafen.

Samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni er maðurinn á fimmtugsaldri og nýkominn til landsins og gistir nú fangageymslur. Pólska lögreglan á þó eitthvað vantalað við manninn samkvæmt alþjóðlegri eftirlýsingarskrá. - skó



PVERSUM Tómur olúflutningabíll lokaði veginum um Vatnaleyfi í um tvær klukkustundir. MYND/ GUNNBJÖRN SKÚLI

Olúflutningabíll rann til: Lokaði vegi á Snæfellsnesi

ÓHAPP Tómur olúflutningabíll rann til í hállu á veginum um Vatnaleyfi á Snæfellsnesi í gær. Hann var þversum á veginum sem var lokaður í um tvær klukkustundir. Tjón varð ekki á bílnum.

Vedurstofa Íslands segir búist við stormi á Vestfjörðum og á sunnanverðu Snæfellsnesi í dag. - skó

Viðræður fylkinga í Súdan: Reynt að stöðva átök í Súdan

SÚDAN, AP Stríðandi fylkingar í Suður-Súdan hófu friðarviðræður í gær. Fulltrúar Salva Kiir, forseta Súdans og Riek Machar, fyrrverandi varforseta, reyna að ná að samkomulagi um vopnahlé og lausn pólitískra fanga.

Salva Kiir segir átökin hafa byrjað sem tilraun til valdaráns, þann 15. desember, en Machar neitar þeim ásökunum. Í kjölfarið hafi hafist átök þjóðarbrota þar sem ættbálkar berjast. - skó

LEIÐRÉTT

Nýtt Baðhús Lindu Pétursdóttur, sem Guðlaug Jónsdóttir arkitekt hannað, verður opnað í Smáralind, en ekki við Smáratorg, líkt og ranghermt var í helgarblaði Fréttablaðsins. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Ógnvaldur reynir að láta sem fortíðin skipti engu

Alræmdur njósnaforingi í Búrma rekur nú gallerí og segist hætta afskiptum af pólitík. Fyrrverandi fangi segist vorkenna þessum gamla kvalara sínum. Engu að síður verði að koma honum í fangelsi fyrir glæpi sína.

BÚRMA, AP „Sýnist þér ég líta út fyrir að vera ógnvekjandi?“ spyr Khin Nyunt, sem í eina tíð var yfirmaður hinnar alræmdu leynipjónustu í Búrma en rekur nú lítið gallerí og minjagripaverslun í höfuðborginni Jangon.

Hann brosti vingjarnlega þegar Than Htay gekk inn í búðina og sagði við hann: „Sæll frændi, við vorum einu sinni óvinir.“

Than Htay var meðal þeirra fjölmörgu sem handteknir voru fyrir andstöðu gegn herforingjastjórn landsins á tíunda áratug síðustu aldar.

Khin Nyunt var þá einn helsti kvalari hans og sá úr röðum ráðamanna sem landsmenn óttuðust einna mest.

„Það sem þú ert að tala um tilheyrir fortíðinni,“ sagði Khin Nyunt þá og lét eins og þetta grimma tímabil í sögu landsins skipti engu máli lengur. „Það gleður mig að hitta þig,“ sagði hann og reyndi að taka í höndina á Than Htay.

Í nýlegu viðtali sagði hann: „Ég hef ekki áhuga á pólitík lengur. Sá hluti lífs míns er að baki. Eg einbeiti mér núna að fjölskyldunni minni.“

„Satt að segja vorkenni ég honum,“ segir Than Htay. „Hann var brosandur og reyndi að vera vingjarnlegur. Hann þóttist vera einhver allt annar en hann var. Þegar hann var við völd þurftu allir að sýna honum virðingu. En núna virðist hann vera svo einmana. Hann er valdalaus orðinn.“

Than Htay var handtekinn árið 1991 fyrir að koma matvælum og peningum til uppreisnarmanna, sem börðust gegn herforingjastjórninni. Hann sat fimm ár í fangelsi og mátti þola pyntingar af ýmsu tagi, meðal annars barsmíðar og raflost. Öllu var því stjórnað af Khin Nyunt, sem nú segist bara hafa verið að vinna vinnuna sína og þurft að hlýða skipunum annarra.

„Þegar maður stjórnar leynipjónustu þá



KHIN NYUNT Eitt sinn alræmdur yfirmaður leynipjónustu landsins, rekur nú vinalagt gallerí og minjagripabúð í Jangon. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þarf að yfirheyra fólk og fá svör. Það þarf að nota ákveðnar aðferðir,“ segir Khin Nyunt. „Það sem við gerðum var ekkert frábrugðið því sem CIA gerir, eða KGB eða Mossad. Það er ekki hægt að kalla þetta pyntingar.“

Hann var gerður að forsætisráðherra herforingjastjórnarinnar árið 2003, en strax árið eftir lauk valdaferli hans snögglega. Hann var handtekinn og sakaður um spillingu, sat í stofufangelsi í sjö ár og fékk engin samskipti að hafa við fjölskyldu sína og vini á meðan. Hundruð félaga hans voru einnig teknir höndum, og meira en tuttugu þeirra sitja enn í fangelsi þótt Khin Nyunt hafi verið náðaður árið 2012 ásamt fjölmörgum öðrum pólitískum fögnum.




„Þegar hann var við völd þurftu allir að sýna honum virðingu. En núna virðist hann vera svo einmana.“

Than Htay, fyrrverandi fangi herforingjastjórnarinnar í Búrma

Than Htay segir erfitt að horfa upp á þennan fyrrverandi kvalara sinn njóta nú lífsins lausan allra mála: „Hann ætti að koma fyrir dóm vegna þess sem hann gerði. Hann ætti að sitja í fangelsi fyrir glæpina sem hann framdi.“

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



NORÐAUSTLÆG ÁTT áfram næstu daga en snýst þegar nær dregur helgi. Snjócoma eða slydda N- og NA-til næstu daga en dregur úr á miðvikudag. Heldur léttara yfir S-lands en þó stöku skúrir eða slydduél.

Alicante 20°	Billund 9°	Gautaborg 7°	London 13°	Orlando 21°	San Francisco 16°
Basel 8°	Frankfurt 8°	Kaupmannahöfn 7°	Mallorca 10°	Oslo 4°	Stokkhólmur 5°
Berlin 9°	Friedrichshafen 10°	Las Palmas 21°	New York 10°	Paris 13°	

Miðvikudagur 8-15 m/s NV- og V-til, annars hægari.

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Fjarnám

Innritun í fjarnám er hafin, upplýsingar um áfanga í boði og verð eru á heimasíðu skólans www.flensborg.is

Lokadagur innritunar er 12. janúar 2014.

Útsala á heimilistækjum í Rönning

Gerðu frábær kaup á vönduðum heimilistækjum
frá Gorenje og Fagor.

Allt að
70%
afsláttur af háfum

Reykjavík
Skútuvegur 1
Sími 562 4011

Akureyri
Draupnigata 2
Sími 460 0800

RÖNNING
ronning.is | gorenje.is



KRÖPP BEYGJA TF-MYX var nánast komin á hliðina er hún kom inn yfir akstursbrautina eins og sést á þessari mynd sem tekin er úr myndavél á þaki spyrnubíls sem útbúinn var tveimur gleiðlinsu myndavélum sem visuðu fram og aftur.



NÁLÆGT KLÚBBHÚSINU Mikil mildi þykir að flugvélin hafi ekki brotlent á klúbbhúsinu og áhorfendum þar. Sömuleiðis að ekki hafi verið bílar á spyrnubrautinni. Myndin er úr öðrum bílanna sem biðu þess að verða ræstir út á brautina í tímatöku.



VÆNGUR SNERTIR JÖRD Vinstri vængur flugvélarinnar rakst í jörð um það bil sjötíu metra frá klúbbhúsinu. Vélinn steyptist síðan um sjálfa sig og brotnaði í marga parta. Búkurinn þeyttist 350 metra út af fjærenda brautarinnar.

Vilja rannsókn á Hlíðarfjallsslysinu

Bróðir sjúkraflytningamanns sem forst er sjúkraflygvél brotlent á kappakstursbraut á Akureyri í ágúst hyggst krefjast opinberrar rannsóknar á slysinu. Flugstjórinn lést einnig í slysinu en aðstoðarflugmaðurinn, sem varaði hann við því að flogið væri alltof lágt, lifði af.

LÖGREGLUMÁL „Það virðist vera svo margt sem ekki passar í þessu ferli öllu,“ segir Mikael Tryggvason sem hyggst óska opinberrar rannsóknar á tildrögum og eftirmálum flugslyss á Akureyri fyrir fimm mánuðum.

Bróðir Mikael, Pétur Tryggvason sjúkraflytningamaður, lést í slysinu ásamt flugstjóra vélarinnar. Annar flugmaður sem var um borð lifði af.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa sendi í október frá sér bráðabirgðaskýrslu um flugslysið sem varð á akstursbraut Bílklúbbs Akureyrar mánudaginn 5. ágúst.

„Þegar flugvélin nágaðist akstursþróttabrautina í vinstri beygju, misst hún hæð og vinstri vængur hennar snerti jörð við hægri hlið akstursþróttabrautarinnar með þeim afleiðingum að hún brotlent,“ segir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem kveður frekari rannsókn munu beinast að því hvers vegna flugvélin missti hæð.

Mikael segir þessa ályktun nefndarinnar hvorki ríma við frásögn sjónarvotta né myndbandsupptökur af slysinu.

„Eftir því sem kunnáttumenn segja mér er flugvélin að fljúga, hún er ekki að missa hæð heldur lækkar flugið í krappri beygju. Rannsókn á slysum er fyrst og fremst til að komast að því hvað gerðist og að fyrirbyggja að slíkt eigi sér stað aftur. Til þess þarf skýrslan að vera rétt,“ segir Mikael.

Aðflugið og brotendingin á mynd Fréttablaðið hefur myndbandsupptöknar sem Mikael nefnir undir höndum. Þær eru hluti gagna sem safnað hefur verið fyrir aðstandendur Péturs. Meðal annars er um að ræða myndskráir úr tveimur myndavélum á þaki bíls sem var um það bil verið að ræsa í tímatöku þegar sjúkraflygvél kom á mjög miklum hraða inn yfir brautina í krappri beygju. Linsur beggja myndavélanna eru 120 gráður og því er sjónarhornið vítt.

Virðist af þessum myndskráirum að flugvélin sé ekki að „missa hæð“ í venjulegum skilningi þess orðs. Mikael bendir þess utan á frásögn sjónarvotta við golfvöllinn og hesthúsahverfi sem vélinni var flogið yfir suðaustan við akstursbrautina og á framburð sjónarvotta á brautinni sjálfri.

Kristján Skjöldal, sem staddur var við þann brautarenda sem flugvélin kom yfir og var fyrstur að flakinu, segist hafa séð vélina koma yfir hesthúsahverfið suðaustur af akstursbrautinni. „Mér fannst hann vera ískyggilega lágt og sagði við strákana að þetta væri bannað,“ segir Kristján sem kveður vélina síðan hafa tekið krappa beygju að akstursbrautinni. „Hún keyrir sig þá bara niður og hann nær ekki að gera neitt.“

Geirprúður Alfreðsdóttir, formaður Rannsóknarnefndar samgönguslysa, segir merkingu hug-

taksins að „missa hæð“ vera þá að „flugvélin lækki flugið“. Hvorki Geirprúður né framkvæmdastjóri nefndarinnar vilja svara frekari spurningum um málið.

Flugstjórinn var í bílklúbbum

„Flugstjórinn var gjaldkeri Bílklúbbs Akureyrar og hann var búinn að boða komu sína á keppnistadinn eftir flugið. Hann flaug lágt meðfram fjallinu, líklega til þess að ekki sæist til hans fyrr en vélinn myndi birtast allt í einu. Beygjan yfir hesthúsahverfinu að brautinni var alltof skörp og halli flugvélarinnar um 70 gráður,“ segir Mikael.

Vélinn var að snúa aftur til heimahafnar á Akureyri eftir að hafa sótt sjúkling á Hornafjörð og flutt til Reykjavíkur. Um tveimur mínútum fyrir slysið óskuðu flugmennirnir eftir og fengu heimild flugumferðarstjóra á Akureyrarflugvelli til að taka einn útsýnishingring yfir bæinn fyrir landingu. Lágflugið sem þeir reyndu síðan yfir akstursbrautinni er ekki heimilt því samkvæmt reglum má ekki fljúga neðar en þrjú hundruð metra yfir slíkum stöðum.

Í bráðabirgðaskýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa segir að flugið hafi verið „flutningaflug eftir sjúkraflyg“. Þetta telur Mikael orka tvímælis.

„Sjúkraflygi Landhelgisgæslunnar lýkur til dæmis ekki fyrr en þyrla er lent aftur á Reykjavíkurflugvelli,“ segir Mikael. Pétur hafi verið í sjúkraflygi og því hafi ekki átt að ljúka fyrr en menn hefðu stigið niður fæti í heimahöfn. Pétur heitinn hafi enn verið á vakt, tilbúinn í næsta útkall. „Þetta er bara eitt dæmið um hluti í skýrslunni sem virðast rangir,“ segir hann.

Lögmaður barna sér ósamræmi

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður barna Péturs Tryggvasonar, segir nú til vandlegrar skoðunar að óska opinberrar rannsóknar á brotendingunni og tildrögum hennar. Ákvörðun um slíka kröfu fari meðal annars eftir því hver næstu skref verða hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa.

„Rannsóknarnefndin sendi frá sér bráðabirgðaskýrslu um málið í október. Ályktanir í skýrslunni um að flugvélin hafi „misst hæð“ stangast á við framburð vitna sem lágu fyrir hjá lögreglu strax daginn eftir slysið. Samkvæmt sjónarvottum slíkt vælin ekki hæð heldur var henni flogið allan tímann. Þarna er verulegt ósamræmi,“ segir Vilhjálmur.

Flogið á ofsahraða

Þegar TF-MYX kom aðvífandi að akstursbrautinni var um það bil verið að ræsa tvo bíla í tímatöku fyrir spyrnukeppni. Vélinni var flogið nánast á hlið inn yfir brautina naumlega fram hjá klúbbhúsinu og áhorfendum þar til hún rak niður vinstri vænginn um sjötíu metra frá byggingunni. Við húsið og annars staðar við spyrnubrautina stóðu

tugir áhorfenda sem fylgdust með flugvélinni snúast um sjálfa sig, splundrast og þeytast í eldhafi eftir brautinni. Vængir og stél brotnuðu frá skrokknum.

Sumir viðstaddir brugðust hratt við og óku og hlupu fram hjá ýmsu braki úr flugvélinni þangað sem skrokkur hennar lá í tveimur hlutum í grasi aftan við brautarendann, um 350 metrum frá þeim stað sem vængurinn snerti fyrst jörðina. Í fremri hlutanum voru flugstjórinn sem lést og flugmaðurinn sem lifði af. Í aftari hlutanum var Pétur Tryggvason sjúkraflytningamaður.

Varaði flugstjórinn við

Flugmaðurinn sem lifði af, Axel Albert Jensen, hefur ekki viljað veita viðtöl. Í skýrslu Gústafs Antons Ingasonar lögreglufulltrúa segir hins vegar að Axel hafi verið með góðri meðvitund og vel áttaður eftir slysið. „Axel talaði um að honum hafi fundist að vélinni hafi verið flogið allt of lágt og að hann hafi haft orð á því við flugstjórann,“ segir í skýrslu Gústafs.

Fjórir menn sem voru á golfvelli suðaustur af kappakstursbrautinni sáu til flugvélarinnar rétt fyrir brotendinguna. Einn þeirra, Benedikt Guðni Gunnarsson, gaf sig fram og óskaði eftir að gefa skýrslu hjá lögreglu. Í skýrslu sem lögreglan gerði kemur að fram að Benedikt kveðst hafa tekið eftir flugvélinni koma eftir hliðinni á töluverðri ferð. Henni virtist hafa verið gefið inn eldsneyti.

„Benedikt sagði að vélinn hafi alltaf verið að lækka sig og hún hafi haldið áfram hliðina og svo í nánd, að hann heldur við húsnæði Vegagerðarinnar, þá stingi vélinn sér upp á hlið alveg, það er að segja vængur beint upp og beint niður og hverfur svo á bak við hólinn,“ er haft eftir Benedikt, sem kvað þá félagan andartaki seinna hafa séð sprengingu og svartan reyk.

„Benedikt sagði að þeim hafi fundist mjög skrítið hvernig vélinn kom eftir hliðinni á mikilli ferð og lækkaði sig,“ segir í skýrslunni. „Benedikt sagði aðspurður að vélinn hafi alltaf verið á leiðinni niður.“

Þess má geta að þegar TF-MYX flaug yfir hjá golfvöllinum hringdu hjón sem þar voru stödd í Neyðarlínu til að láta vita af lágflugi.

Horfir til almannahagsmuna

Aðspurður segir Mikael kröfu um rannsókn byggjast á hagsmunum tveggja barna sem Pétur skilur eftir sig og þeirri staðreynd að óheimilt sé að nota skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa í öðrum tilgangi en þeim sem tengist flugöryggi.

„En það er stór þáttur í þessu líka að Pétur bróðir minn var að búa til viðbragðsáætlanir gagnvart slysum og óhöppum og það var ætlast til að það væri farið eftir þeim. Þarna virðist svo margt vera sem ekki passar varðandi slysið og umgjörðina alla,“ segir Mikael og nefnir meðal annars boðun björg-

→ Brotlending TF-MYX í Hlíðarfjalli 5. ágúst 2013



unarmanna. „Það þýðir ekki að hafa nýjar og fínar viðbragðsskýrslur uppi í hillu og fara svo ekkert eftir þeim.“

Þá segir Mikael að hafa verið í huga ríka almannahagsmuni þegar sjúkraflyg sé annars vegar. Beina þurfi sjónum í opinberri rannsókn að rekstri Mýflugs á sjúkraflyginu og þætti eftirlitsaðila. „Það var svo margt sem var talið eðlilegt en á ekki heima í þessum bransa og á ekki að líðast. Sjúkraflyg er dauðans alvara,“ segir hann.

Kemur þér ekkert við

Eitt af því sem Mikael telur að þurfi að rannsaka er starfsumhverfi Mýflugs þar sem liðist hafi háttsemi eins og sú sem leiddi til slyssins á Akureyri.

Í fréttatilkynningu Mýflugs skömmu eftir slysið sagði að félagið myndi gera eigin athugun á slysinu. „Unnið verður af heilum hug með rannsóknaraðilum auk eigin skoðunar. Í þeirri vinnu verður ekkert

undan dregið,“ sagði í tilkynningunni.

„Innanhúsrannsóknir hjá okkur koma þér ekkert við, nákvæmlega ekki neitt,“ svarar Leifur Hallgrímsson, framkvæmdastjóri Mýflugs, spurður um gang þeirrar rannsóknar.

Aðspurður hvort algengt hafi verið og þótt eðlilegt hjá Mýflugi að flugmenn í sjúkraflygi brygðu sér í útsýnisflug segist Leifur ekki tjái sig um það.

„En ef þú hefur eitthvert vit á því sem þú ert að tala um þá átt þú að vita það, og þarft ekki að spyrja að því, að svoliðis lagað er ekki samkvæmt stöðluðu verklagi,“ segir framkvæmdastjóri Mýflugs.

gar@frettabladid.is

visir.is

Myndbandsupptakan af slysinu og ítarleg umfjöllun um málið verður á Vísi.is í dag og í fréttum Stöðvar 2 í kvöld.



14% afsláttur

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

Ungnautahamborgari, 90 g
169 kr./stk.
~~198 kr./stk.~~



NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig



12% afsláttur

ÍM kjúklingabitar
698 kr./kg
~~798 kr./kg~~



25% afsláttur

Eggjanúðlur m/kjúklingi
1499 kr./kg
~~1998 kr./kg~~

Plokkfiskur
1149 kr./kg
~~1298 kr./kg~~

Ferskir í fiski





15% afsláttur

Fiskbollur
1098 kr./kg
~~1298 kr./kg~~

Við gerum meira fyrir þig!

Kjötborðið er núna opið til kl. 21 alla daga!



Hälsans tacohakk, 300 g
649 kr./pk.
~~687 kr./pk.~~



Kínakál
338 kr./kg
~~398 kr./kg~~



Tómatar í lausu
399 kr./kg
~~489 kr./kg~~



13% afsláttur

Appelsínur
249 kr./kg
~~289 kr./kg~~



Hleðsla m/kókos og súkkulaði
189 kr./stk.
~~209 kr./stk.~~

Myllu Fitty samlokubrauð
299 kr./pk.
~~336 kr./pk.~~



Flóridana heilsusafi, 1 lítri
229 kr./stk.
~~265 kr./stk.~~



Chateau B. baguette, 4 tegundir
189 kr./stk.
~~249 kr./stk.~~

Bakað á staðnum

24% afsláttur

Opið til miðnættis alla daga

8·24

NÓATÚN

HEIMURINN



Hryðjuverkamaður handtekinn á Spáni

1 SPÁNN Lögregla á Spáni hefur tekið höndum mann sem grunaður er um aðild að hryðjuverkasamtökum með tengsl við al-Kaída og að hafa tekið þátt í bardögum í Sýrlandi. Þetta kemur fram í tilkynningu innanríkisráðuneytis landsins. Maðurinn, sem nefndur er Abdeluahid Sadik Mohamed, var gripinn á flugvælinum í Malaga á Spáni á leið til Ístanbul í Tyrklandi. Þaðan er talið að hann hafi ætlað að lauma sér til Sýrlands, líkt og vítað er að hann gerði áður þegar hann hlaut þar þjálfun í búðum hryðjuverkamanna.

Ferðafólk varað við

2 LÍBANON Sendiráð Bandaríkjanna í Beirút hvetur Bandaríkjamenn í Líbanon til að forðast hótél, verslunarmiðstöðvar með vestrænu sniði, matvæla-verslanir og viðburði þar sem Bandaríkjamenn koma saman. Þetta séu líkleg skotmörk hryðjuverkaárása. Sendiráðið kom þessum boðum til Bandaríkjamanna í landinu í gær í kjölfar hrinu sprenginga og skotárása í höfuðborginni Beirút og víðar í Líbanon.



Í BEIRÚT Vatni sprautað á verslanir þar sem bílar voru sprengdir í úthverfi Beirút síðasta fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Harðlínumenn hóta stjórnarslitum

3 ÍSRAEL Harðlínumenn í ríkisstjórn Benjámin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hótuðu í gær stjórnarslitum verði látið undan þrýstingi frá Bandaríkjunum í yfirstandandi friðarviðræðum um að láta undan lykilkrofum Palestínumanna um landsvæði. Viðbrögð flokkanna komu þegar John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, gerði stutt hlé á viðræðum við Netanjahú og Mahmúd Abbas, forseta Palestínu, sem staðið höfðu í þrjá daga. Kerry hefur líka farið fram á að Palestínumenn viðurkenni Ísrael sem gyðinglegt ríki. Því hefur Abbas ítrekað hafnað, enda gæti það grafið undan réttindum palestínskra flóttamanna og minnihluta araba í Ísrael.

„Aldrei hægt að ná fullkominni sátt“

Umhverfisráðherra segir ruglað saman verndun Þjórsárvera og hugsanlegum virkjanakostum neðar í Þjórsá. Formaður faghóps um rammaáætlun segir breytta útfærslu virkjunar engu breyta um ástæður þess að svæði sé sett í verndarflokk.


UMHVERFISMÁL Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra hefur látið hafa eftir sér í fjölmiðlum, að í umræðu um ákvörðun hans að færa mörk friðlandsins í kringum lón Norðlingaölduveitu, sé ruglað saman verndun Þjórsárvera og einhverjum hugsanlegum virkjanakostum neðar í Þjórsá í framtíðinni.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir grasafræðingur var formaður fyrsta faghópsins sem mat verðmæti svæðanna og síðan áhrif einstakra virkjana á náttúru og menningarmínjar. Hún segir í samtali við Fréttablaðið aldrei hægt að ná fullkominni sátt um rammaáætlun.

„Þarna náðist málamíðlun þar sem verið var að móta stefnu til langrar framtíðar og vegnir saman mismunandi kostir í landnýtingu,“ segir Þóra Ellen.

„Þess vegna gengur það alls ekki upp að mínu mati að svæði sem búið er að skipa í verndarflokk sé samt sem áður mögulegt svæði til orkunýtingar. Eftir að búið er að nýta land til orkuvinnslu er búið að fórna möguleikanum á náttúrunýtingu svæðisins og ef það á að gera þetta endalaust þá blasir það við að á endanum yrði ekkert eftir,“ segir Þóra.

Hún segir að þó það komi fram einhver breytt útfærsla á virkjanahugmynd á þessu svæði þá skipti það engu máli fyrir þá ráðstöfun sem áður hefur verið gerð með



MÖGULEIKI Á VIRKJUN Mörk friðlandsins verða dregin í kringum lón Norðlingaölduveitu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ákvörðun umhverfisráðherra fordæmd

Náttúruverndarsamtök Íslands sendu á laugardag frá sér yfirlýsingu þar sem ákvörðun umhverfisráðherra er fordæmd. Í henni kemur fram að með ákvörðuninni sé enn á ný opnað fyrir að víðerni svæðisins vestan Þjórsár verði spilt og stórkostlegir fossar eyðilagðir. Ráðherra hafi rammaáætlun að engu og komist hann upp með geðþóttaákvæðanir þvert á gildandi lög og samþykktir Alþingis muni Landsvirkjun – hér eftir sem hingað til – engar sættir virða.

Það svæði sem ráðherra undanskilji frá friðlýsingu líkt og reki fleyg inn í hjarta Þjórsárverasvæðisins sem Landsvirkjun og stjórnvöld munu í framtíðinni nýta sér til að stækka fyrirhuguð stíflumannvirki til samræmis við fyrri áform fyrirtækisins.

Katrín Júlíusdóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, hefur farið fram á opinn fund í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vegna ákvörðunar umhverfisráðherra og segir í yfirlýsingu að þetta mál sé allt með miklum ólíkindum. Það verði að fá úr því skorðið hvort þetta standist og hver lagaleg staða verndarflokksins er eftir samþykkt rammaáætlunar á Alþingi.

Því að setja svæðið í verndarflokk. „Þar eru það náttúruverndarverðmætin en ekki orkuverðmætin sem eru grundvöllur þess að svæðið er sett í verndarflokk,“ segir Þóra

Ellen. Hún segir einnig að fossarnir í Þjórsá hafi verið metnir sérstaklega til verðmæta og þeir verði fyrir miklum áhrifum ef af þessari framkvæmd verður. fanney@frettabladid.is

ÚTSALA

Allt að 70% afsláttur

Vesturrost

Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Kveðjum jólin með látum!



Prettándaflugeldar á sölustöðum okkar um allt land.

NOTUM ALLTAF
FLUGELDAGLERAUGU
-bæði börn og fullorðnir



FRÁBÆRIR
FJOLSKYLDU
PAKKAR
6 STÆRDIR

KRAKKA
PAKKAR

RISA
RAKETTUR

KAKA
ÁRSINS ER
SVAKALEGI!

NÝR
FLOTTIR
KAPPAR

Flugeldamarkaðir okkar fyrir þrettándann eru opnir í húsnaði flestra björgunarsveita um allt land.

Nánari upplýsingar á vefsíðu okkar: www.flugeldar.is

FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Póstkassar á landinu öllu: Níutíu prósent rétt staðsett

PÓSTÞJÓNUSTA Pósturinn vinnur nú að samræmingu á staðsetningu bréfabakka í dreifbýli. Fyrirtækið þjónar um sex þúsund heimilum í sveitum landsins.

Að því er segir í tilkynningu skiptir staðsetning bréfabakka miklu máli varðandi hagkvæmni í dreifingu því bréfum hefur fækkað mikið á síðustu árum.

Mikilvægt sé að tryggja að mót-tökuskilyrði séu samkvæmt lögum og reglum. Vinnan er sögð hafa gengið vel og yfir níutíu prósent bréfabakka nú rétt staðsett samkvæmt reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu. -fb

Skýrsla bresku stofnunarinnar ODI sýnir fram á fjórföldun offitu í þróunarríkjunum frá árinu 1980:

Þriðjungur jarðarbúa yfir kjörþyngd

904.000.000

Í þróunarríkjum eru ríflega níu hundruð og fjórar milljónir yfir kjörþyngd.

Mesta aukningin var í þróunarríkjunum, sérstaklega í löndum þar sem tekjur hafa verið að aukast eins og í Egyptalandi og Mexíkó, samkvæmt frétt BBC.

Að mati ODI er ástæðan fyrir þessu breytt mataræði. Fólk borðar minna af morgunkorni og hrísgrjónum og meira af fituríkum mat, sykri, olíu og dýraafurðum.

Samtals eru 904 milljónir manna í þróunarríkjunum skilgreindar yfir kjörþyngd en fjöldinn var 250 milljónir árið 1980. -fb



YFIR KJÖRÞYNGD Fjöldi fólks sem er yfir kjörþyngd eða þjáist af offitu hefur fjórfaldast í þróunarríkjunum. NORDICPHOTOS/GETTY

Spænskunámskeið í janúar

Verður haldið í nýuppgerðum sal á efri hæð Dillon Laugarvegi. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales frá Madrid og gestakennari er Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla lögð á að tala og minni á málfræði.



Hægt að velja úr eftirfarandi námskeiðum:

Mánudaga og miðvikudaga frá 14:30-16:00 eða frá 18:00-19:30
Þriðjudaga og fimmtudaga frá 14:30-16:00 eða frá 18:00-19:30

Námskeiðin hefjast 7 og 8 janúar og lýkur með tapaskvöldi 28.01
Verð á mann 13.500.- Uppl í s. 698 5033 & binsina@gmail.com



FLUGMAÐUR OG VERKFRÆÐINGUR Hjálmar Grétarsson er einn þeirra flugmanna sem hafa ekki fengið vinnu við sitt hæfi undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Lærði verkfræði en langar að fljúga

Hjálmar Grétarsson er einn margra flugmanna sem hér hafa ekki fengið vinnu við fagið. Hann útskrifaðist sem vélaverkfræðingur og starfar á Keflavíkurflugvelli. Flugmannsdraumurinn er samt langt í frá úti.

FLUG Hjálmar Grétarsson er einn þeirra mörgu menntuðu flugmanna hér á landi sem hafa ekki fengið vinnu við sitt fag. Hann ákvað að skrá sig í vélaverkfræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan með BS-próf árið 2012.

Hugsanlega mun hagur hans vænkast eftir nokkur ár ef flugmannaskortur verður í heiminum eins og spár flugiðnaðarins gera ráð fyrir. „Í hvert sinn sem þeir auglýsa hendur maður inn umsókn. Þetta er svolítið eins og lottó. Það eru gríðarlega margir sem sækja um í hvert einasta sinn og margir um hverja stöðu,“ segir Hjálmar aðspurður en hann hefur tvívegis sótt um hjá Icelandair.

Hann var einn þeirra 197 umsækjenda sem komust ekki í gegnum síuna þegar Icelandair réði þrjátíu nýja flugmenn fyrir skömmu. „Maður þarf að halda í vonina en vissulega er það leiðinlegt að fá ekki starf við sitt hæfi.“

Hjálmar, sem er 26 ára, hlaut atvinnuflugmannsréttindi árið 2009. Flugmenn sem eru ráðnir til Icelandair þurfa einnig að hafa lokið fimm hundruð flugtímum og kaus hann því að fara tvisvar til Bandaríkjanna þar sem hann kláraði þrjú hundruð tíma. Afganginn lauk hann við hér heima.

„Ég reyndi fyrst mikið og var að tala við stór sem smá fyrirtæki, meðal annars í útlöndum,“ segir hann spurður út í atvinnu-

300

Hjálmar kláraði þrjú hundruð flugtíma í Bandaríkjunum. Hinum tvö hundruð lauk hann hér heima.

horfur að námi loknu. „En fljótlega eftir að fyrsta árið var búið fór maður að hugsa sinn gang. Mig langaði að hafa varaplan og þess vegna fór ég í verkfræðina.“

Hjálmar starfar nú hjá verkfræðideild ITS í viðhaldsskýli á Keflavíkurflugvelli. Þar sinnir hann viðhaldskerfi, meðal annars fyrir flugvélar Air-Niugini frá Papúa Nýju-Gíneu, og líkar það vel. Hann heldur samt enn í flugmannsdrauminn og vonast til að hann verði að veruleika fyrr en síðar.

Aðspurður segir Hjálmar mjög algengt að starfandi flugmenn fari í háskóla eins og hann hefur gert og sækir sér gráðu. „Þeir sem eru ráðnir inn til að byrja með fá samráðningu fyrstu árin og þurfa því að gera eitthvað á veturna. Ég veit um verkfræðinga sem fljúga á sumrin og vinna á verkfræðistofum eða annars staðar á veturna. Þetta er smá þrautanga,“ segir hann en telur að hún sé vel þess virði fyrir þá sem ala með sér þann draum að verða flugmenn í fullu starfi.

freyr@frettabladid.is

FÉLAGSFUNDIR VM

Kynningarfundir vegna nýgerðs kjarasamnings á almennum vinnumarkaði verða haldnir á eftirtöldum stöðum:

REYKJAVÍK

Fimmtudaginn 9. janúar kl. 20:00
að Stórhöfða 25 - 3. hæð

Fundurinn verður sendur út gegnum fjarfundarbúnað. Þeir sem vilja fylgjast með fundinum sendi beiðni þar um ásamt símanúmeri á gudnig@vm.is. Hægt verður að senda inn fyrirspurnir á gudnig@vm.is á meðan fundi stendur.

AKUREYRI

Mánudagur 13. janúar kl. 20:00
að Skipagötu 14, 5. hæð

SELFOSS

Þriðjudaginn 14. janúar kl. 20:00
að Hótel Selfoss



Nánari upplýsingar á heimasíðu VM, www.vm.is.

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
STÓRHÖFÐA 25 · 110 REYKJAVÍK · 575 9800 · WWW.VM.IS



- okkur er annst um þinn hag

ÚTSALA

Lækkun á MÚRBÚÐARVERÐI er ávísun á gott verð!

25-50% afsláttur

Heimilistæki

Verkfæri

Baðkór

MERBAU
Parket

Smávörur

Sturtuhorn

Ryksugur
IÐNAÐAR- OG HEIMILISRYKSUGUR

Handlaugar

WC aukahlutir
og sturtuset

Flísar

og margt, margt fleira!

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Óseyri 1.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Milljón ferðamenn innan fimm ára:

Færri ferðamenn sem eyða meiru

Eins og staðan er má færa fyrir því sterk rök að ekki þurfi að fjölga erlendum ferðamönnum á Íslandi heldur væri nær að fá meira út úr þeim. Vinsælustu ferðamannastaðir landsins þola ekki meiri ágang og við virðumst ekki hafa neinar raunhæfar áætlanir um hvernig við ætlum að fjármagna vernd náttúruperlna. Ríkissjóður á ekki peninga til að takast á við verkefnið og á meðan

fórnum við fallegustu stöðum landsins fyrir skyndigróða. Ferðamenn sem koma hingað til lands borga ekkert fyrir að sjá þessar perlor og ferðaþjónustufyrirtækin bera sig engu að síður illa og tala mörg hver gegn eðlilegri skattheimtu.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Ferðaþjónusta á Íslandi býr við flókið og ívilnandi skattaumhverfi. Af sumu er greiddur virðisaukaskattur en öðru ekki. Þóknun til ferðaskrifstofu fyrir að skipuleggja ferð er undanþegin virðisaukaskatti, en ekki það sem hún er að selja. Virðisaukaskatturinn er ýmist sjö prósent eða 25,5 prósent. Fólksflutningar eru enn undanþegnir virðisaukaskatti, bæði innanlands- og millilandaflug auk fargjalda með hópferðabílum, ferjum og leigubílum. Bílaleigubílar bera hins vegar 25,5 prósent virðisaukaskatt.

Skipulagðar hópferðir með fararstjóra eru undanþegnar virðisaukaskatti sem og sjóstangaveiði, hvalaskoðun, hestaferðir og flúðasiglingar. En kajakleiga eða hestaleiga (án leiðsögu-manns) og leiga á köfunarbúnaði er virðisaukaskattskyld. Og til að flækja umhverfið enn frekar þá er sala á veiðileyfi í vatni undanþegin virðisaukaskatti en ekki leyfi til að veiða fimm silunga í vatninu.

Löggjöfin er gömul og var hugsuð til að styðja við unga atvinnugrein sem átti undir högg að sækja. Frumkvöðlar hafa fjárfest af miklu hugrekki í ferðaþjónustu síðustu áratugi. Nú er uppskerutíð og skiljanlegt að eigendur ferðaþjónustufyrirtækja vilji ekki sjá á eftir öllum hagnaðinum til ríkisins. Hins vegar er það svo að ef við pössum ekki upp á auðlindina verður ekkert til skiptanna.

Ferðaþjónusta er í svo örur vexti að miðað við vöxtinn síðustu ár munu erlendir ferðamenn verða milljón talsins innan fimm ára. Við eigum ekki að horfa á það sem sérstakt keppikefli að fá hingað milljón ferðamenn heldur eigum við að horfa til þess hvað hver ferðamaður skilur eftir sig. Eins og staðan er í dag er ekkert sem bendir til þess að við séum í stakk búin til að taka á móti þessum fjölda. Við erum enn ekki búin að koma okkur saman um hvernig við viljum fjármagna verndun og uppbyggingu í kringum náttúruperlurnar okkar.

Það er mikilvægt að við höfum skarpa sýn á það hvert við viljum stefna. Við eigum ekki að setta okkur við að Ísland verði ódýr ferðamannastaður því þá munum við ganga á auðlindina og rústa henni. Það er ómögulegt að ferðaþjónustufyrirtæki geti gert út á náttúru Íslands án þess að borga fyrir það og fái að auki skattaívilnanir. Eitt verður yfir alla að ganga og best er skattkerfi séu einföld og gagnsæ.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Aldrei verið tekið til skoðunar
Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra sagði í fréttaplutningi um ákvörðun sína að breyta friðlýsingarskilmálum Þjórsárvera að umræða um fossana neðar í Þjórsá tengdist „að sjálfsögðu“ ekki friðlýsingu Þjórsárvera. „Það er önnur umræða sem hefur aldrei verið tekin til skoðunar í rammaáætlun um vernd og nýtingu og ég tel að það sé eðlilegt að hún fari þangað,“ sagði Sigurður.

Pó að vel megi deila um hvar mörk Þjórsárvera í raun liggja þá er nú samt ótrúlegt að halda því fram að þessar umræður tengist ekki neitt. Þannig hefur einmitt komið fram að rennslíð í Þjórsá hefur minnkað um 40% frá því framkvæmdir hófust hjá

Landsvirkjun fyrir áratugum, sem og að rennslíð í fossunum muni minnka enn frekar verði af veituframkvæmdum. Í skýrslu 2. áfanga rammaáætlunar er lagt til að stækka skuli friðlandið meðal annars vegna fossaraðar í stórfenglegu landslagi.

Þúsundir milljóna í mjólkina


Ellíði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, hefur farið mikinn í umræðunni undanfarið um fjárlög ríkisins. Hann rændi umræðunni í lengri tíma með því að spyrja hvort Ísland hefði efni á því að reka Þjóðleikhúsið. Ellíði var í viðtali hjá Sigurjóni M.



Egilssyni á Sprengisandi í gær þar sem hann skýrði mál sitt ágætlega og setti spurningar sínar í sanngjarnt samhengi. Þannig velti hann því upp hvort eðlilegt væri að við notum 6.500 milljónir í niðurgreiðslu til mjólkurframleiðslu, sem gerir 251 þúsund króna niðurgreiðslu á hverja kú. Hann nefndi einnig að sauðfjárframleiðsla væri niðurgreiðslu um 4.800 milljónir, grænmetisframleiðsla um 575 milljónir og 400 milljónir færu í skógrækt. Eftir upphlaup undanfarinna mánaða í hvert sinn sem Ellíði opnar munninn verður í þessu ljósi að teljast eðlilegt að bæjarstjóri sem telur heilbrigðisþjónustu í bæjarfélagi sínu ógnað velti fyrir sér hvort verið sé að fara rétt með peningana okkar.

faney@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Dansaðu þig í form!



Fjölbreyttur tími þar sem bæði er dansað ZUMBA Fitness og ZUMBA Toning. Einföld og skemmtileg dansspor

- Hefst 7. janúar
- Þri. og fim. kl. 16:30
- Þjálfari: Hjördís Zebitz
- Verð kr. 12.900.-



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

Kjóssum konur til forystu

STJÓRN MÁL



Heiða Björg Hilmisdóttir
formaður Kvanna-hreyfingar Samfylkingarinnar



Margrét Lind Ólafsdóttir
varaformaður Kvannahreyfingar Samfylkingarinnar

Í okkar nútímasamfélagi ætti jafnrétti kynjanna að vera sjálfsagður hlutur enda segjumst við flest vilja jafnrétti kynjanna og á tyllidögum segja flestir stjórnmálamenn að þeir og flokkar þeirra berjist fyrir auknum áhrifum kvenna. Ef við ætlum að búa í réttlátu samfélagi skiptir máli að konur séu með í ákvarðanatöku um uppbyggingu samfélagsins. Að þeirra rödd heyrst og þær hafi áhrif.

Á yfirstandandi kjörtímabili eru konur um 40% sveitarstjórnarmanna, í tuttugu sveitarstjórnnum er hlutfall kvenna undir 30% og í einni sveitarstjórn er engin kona meðal kjörinna fulltrúa. Engu að síður voru konur um 50% framþjóðenda í síðustu sveitarstjórnarkosningum svo ekki er hér áhugaleysi kvenna um að kenna. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til þess að konur eru mun síður en karlar í efstu sætum framboðslista og því minni líkur á að þær nái kjöri. Einungis 25% lista höfðu á að skipa konu í leiðtogasæti fyrir fjórum árum og það er ósættanlegt.

Hjá Samfylkingunni og VG, þeim stjórnmálaflokkum sem hafa sýnt raunverulegan pólitískan vilja til að tryggja jafnan hlut kynja, hafa kynjareglur um röðun á framboðslista haft mikil áhrif. Líkt og við skipan í stjórnir fyrirtækja,

→ Að okkar mati væri eðlilegt að lög um jöfn hlutföll kynja í stjórnnum og ráðum giltu einnig um sveitarstjórnir þannig að hlutfall hvors kyns fari aldrei undir 40%.

lífeyrissjóða og hjá hinu opinbera hafa slíkar reglur einfaldlega reynst brýn nauðsyn, enda hafa aðrir flokkar og framboð setið eftir í þessum efnun og konur þar með. Við það verður ekki unað öllu lengur.

Að okkar mati væri eðlilegt að lög um jöfn hlutföll kynja í stjórnnum og ráðum giltu einnig um sveitarstjórnir þannig að tryggt væri að hlutfall hvors kyns fari aldrei undir 40%. Þannig náum við betri árangri og byggjum upp réttlátara samfélag enda er samfélag þar sem konur og karlar eru metin til jafns einfaldlega betra fyrir okkur öll.

Nú, í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga, reynir á hvort og þá hvaða stjórnmálaflokkar standa við stóru orðin og tryggja jafnan hlut kynja við skipan framboðslistanna. Þeir sem það vilja gera skipa konum til forystu til jafns við karla. Einungis þannig stöndum við vörð um þann árangur sem þegar hefur náðst og jöfnum enn frekar hlut kynjanna við stjórn málefna nærsamfélagsins.

Harmleikurinn um Ísland

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Ég las nú í adventumyrkrunum Íslandsklukkum Halldórs Laxness sem ég hafði árum saman talið mér trú um að mér líkaði ekki út af stílnum eða þjóðernishyggjunnunni eða jafnvel upphafssetningunni. Óekki. Það reyndist öðru nær við lesturinn, stórkostlegt verk; töfrar þess engu líkir. Enn les maður setningarnar aftur og aftur og klökkar yfir orðsnilldinni. Og enn glottir maður með Jóni Hreggviðssyni, sem kannski er eini ógalni maðurinn þarna mitt í öllum þessum hetjuskap, og smjattar á tilsvörum hans og þylur með honum vængjaðar ræðurnar um hið ljósa man – „með gullband um sig miðja þar rauður loginn brann kona góð“. Og enn er maður miður sín yfir sorglegustu ástarsögu Íslandsögunnar; þessum harmleik: sögunni af þeim Árna og Snæfríði, sem var ekki skapað nema að skilja, jafn óskiljanlegt og það er. Og enn horfir maður í öngum sínum á eftir Snæfríði Íslandssól í lokaósigri bókarinnar ríðandi í svörtu út úr verki sínu, hnarreist og buguð, heitbundin þeim næstbesta – sem er verstur.

Og enn hugsar maður: Af hverju þarf þetta að vera svona?

Parf þetta að vera svona?

Þetta er saga Snæfríðar, allt

hverfist um hana, hennar gerðir og hennar örlög, birtan frá henni ríkir yfir verkinu; allir þessir karlmenn í kringum hana eru aukapersónur, þjónar. Hún er Huldun úr Hulduljóðum Jónasar; álfkonan sjálf; draumsýn karlskáldsins um hina íslensku kvenhetju, hina veikbyggðu valkyrju sem kys mönnum örlög. Hún er hið ljósa man, hún er sólin sjálf. Eins og ýmsar aðrar kvenpersónur sem Halldór skapaði er hún umfram allt birta, holdi klætt ljós jafnvel þó að hún sé alltaf svona jarðbundin í tali – kippi háfleygum karlmönnum í kringum sig snarlega niður á jörðina með svolítið þreytulegum en háðskum athugasemdum sínum. Það er hún sem þeir þjóna, hún sem þeir svíkja.

Skáldsögur iða af lífi sem á sér eigin forsendur, séu þær nokkurs verðar. Þær eru vissulega smíðaðar úr margs konar efniviði en við getum samt ekki tekið meintan efnivið og sett saman annan og æðri veruleika úr honum og sagt síðan: Svona var þetta í raun og veru. Við getum heldur ekki horft á persónurnar og sagt: Þessi er þessi og þessi þarna er þessi hér. Þannig virkar skáldskapurinn ekki. Snæfríður Íslandssól er önnur en Þórdís Jónsdóttir, lögmannsdóttirin sem gift var Magnúsi í Bræðratungu og var sökuð af manni sínum um að hafa verið í tygjum við Árna Magnússon. Snæfríður Íslandssól er heldur ekki einskært tákni þjóðarandans eða þjóðarsálarinnar – hvað sem það nú annars er – og hún er ekki algóð heldur eða óskeikul heldur verður henni ýmislegt á í sögunni. En hún er sem sé Íslandssól. Í

þessari konu eru samankomnir eiginleikar sem Íslendingar hafa látið sig dreyma um að þeir hafi til að bera, alveg frá því að þessi skrifóða þjóð fór að setja saman bækur um sjálfa sig. Hún er sólin og allir karlmenn sem á vegi hennar verða sverja henni trúnaðareiða – og allir svíkja hana, nema Jón Hreggviðsson.

Heldur þann versta ...

Hvers vegna svíkur Árni hana ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur þrisvar? Sem sé: Af hverju þarf þetta að fara svona? Hann er hugsjónamaður, svona á sinn hátt, prinsippamaður; kannski eins og Júdas var. Sú stóra meginhugmynd gengur í gegnum allan bálkinn, að Íslendingar séu skapaðir til annars og merkilegra hlutskiptis en að njóta hamingju. Heldur þann versta en þann næst besta. Heldur að þola fátækt og niðurlægingu en að lifa við góð kjör og mannlega reisn.

Heldur að giftast Magnúsi í Bræðratungu en einhverju meðalmenni, fyllibyttunni, sem dregur nafn okkar í svaðið, selur undan okkur jarðirnar, kallar yfir okkur smán með framferði sínu en er þó að minnsta kosti höfðingi og stórbrotin fyllibytta. Meðvirkni Snæfríðar er birtingarmynd á stórlæti – eins og fínasti katólikki speglar hún stolt sitt í þjáningunni og niðurlægingunni. En um leið birtist í þessu sjúka sambandi brotin sjálfsmýnd og sjálfsvirrlitning þeirrar konu sem gafst öðrum manni sextán ára gömul. Sjálfur hefur Arnas náð sér í sinn versta

hugsanlega ektamaka, danska kvenskrimslíð Mette.

Sami hugsunarháttur ræður för þegar Arnas afþakkar landstjórnartignina sem Úffelen greifi hefur boðið honum í kjölfar þess að Danakonungur vill selja landið Hamborgarkaupmönnum – heldur þann versta en þann næstbesta – og leggst sjálfur í kjölfarið í nokkurs konar drykkjukör, sjálfur besti maður landsins. Af hverju tekur hann ekki boðinu og giftist Snæfríði og þau setjast svo að á Bessastöðum og sitja þar í sæmd sinni? Af hverju þarf þetta að fara svona? Það hef ég í rauninni aldrei skilið.

Tilboð Hamborgarkaupmannsins um að koma fram við Íslendinga eins og menn, af virðingu og sanngirni, finnst Arnasi tortryggilegt. Hann vill heldur að Íslendingar séu undir stjórn manna sem arðræna þá, fyrirlíta þá og koma viðurstyggilega fram við þá – því að slíkur óvinur sé smáþjóð auðveldari viðfangs en hinn sem kemur með gýlgjafir á borð við maðkalaust korn til okkar er líklegri til að brjóta undir sig landið og eyða þeirri þjóð sem fyrir í landinu er.

En honum skjátlást auðvitað. Og enn frekar á okkar fjölþjóðlegu tímum en þegar Halldór skrifaði bók sína til að vara þjóðina við tröllinu vinalega úr vestri. Hann er á villigötum rétt eins og Snæfríður var þegar hún gekk að eiga Magnús í Bræðratungu – og fór svo aftur til hans eftir allt sem á undan var gengið; já og rétt eins og íslenskir kjósendur þegar þeir sneru í síðustu kosningum aftur til sinnar Bræðratungu.

AF NETINU

Á ég að berja þig?



Verkleysi og ósætti á sér ekki stað innan ríkisstjórnarinnar og milli stjórnarliða á Alþingi. Hvað er þá til ráða hjá andstöðumönnum Framsóknarflokks

og ríkisstjórnar? Jú, þá er hægt að fara í lægstu þrep umræðunnar og kalla framsóknarmenn fasista og nýhægri flokk.

Þetta minnir mig óneitanlega á þegar ég sem ungur maður var að stunda rökraðu um pólitík á skemmtistöðum borgarinnar. Þegar vel gekk í rökraðunni og mér hafði tekist að máta viðmælanda og hann kominn í þrot, kom oft þessi setning: „Á ég að berja þig“.

http://www.pressan.is/pressupennar/Lesa_Gudlaugur_Sværris_Gudlaugur_G.Sværris

Þjórsværver á vetrarútsölu



Svokallaður umhverfisráðherra er á hröðum fjölmiðlaflotta undan ákvörðun sinni um veituframkvæmdir í Þjórsværverum eða á áhrifasvæði þeirra. Samt er það

þannig að hann er núna að fullkomna hlýðni sína við Landsvirkjun og Ragnheiði Elínu Árnadóttur iðnaðarráðherra frá í haust þegar hann hætti við nýja friðlýsingargjörð.

Niðurstaða Sigurðar Inga Jóhannssonar, Landsvirkjuna og iðnaðarráðherrans: Ný útsala – á kostnað náttúru Íslands.

http://blog.pressan.is/mordur/Mörður_Arnason

ANTIKÚTSALA

20-50% AFSLÁTTUR

30-50%
af húsgögnum

50%
af bókum

20%
af smáhlutum

ANTIK BUDIN

HAFNARFIRÐI
552 8222 - 867 5117
antikbud@gmail.com



MERKISATBURÐIR

1902 - Í Reykjavík var haldinn grímudansleikur í fyrsta sinn og þótti góð skemmtun.

1923 - Halldór Laxness gerðist meðlimur hinnar heilögu kaþólsku kirkju og var fermdur og skírður fullu nafni Halldór Kiljan Marie Pierre Laxness í Clervaux-klaustri í Lúxemborg.

1949 - Fæðingardeild Landspítalans og Ljósmeðraskólinn fluttu í nýtt hús við Landspítalann.

1955 - Rowan Atkinson fæddist, breskur leikari.

1968 - Rannsóknastöð Hjartaverndar var tekin í notkun. Fyrsti yfirlæknir hennar var Ólafur Ólafsson, síðar landlæknir.

1986 - Hafskipsmálið: Íslenska skipafélagið Hafskip var lýst gjaldþrota.

PETTA GERÐIST: 6. JANÚAR 567

Síðasti dagur jóla er í dag, því miður

Prettándinn er 6. janúar og er stytting á þrettándi dagur jóla og er almennt kallaður síðasti dagur jóla. Upphaflega hét hann opinberunarátt meðal Rómakirkjunnar og hefur verið tengdur ýmsum kristnum trúarbrögðum.

Hann var talinn fæðingardagur Krists, áður en sú trú fluttist yfir á 25. desember. Á 4. og 5. öld fór að tíðkast að minnast fæðingarinnar hinn 25. desember en skírnar Krists og Austurlandavitrिंगanna 6. janúar. Formlega var það fyrirkomulag ákveðið árið 567 á 2. kirkjuþinginu sem haldið var í Tours í Frakklandi.

Fram til ársins 1770 hvíldi á þrettándanum helgi og var hann almennur frídagur en það ár var hann afhelgaður, sem og þriðji í jólum sem einnig hafði verið helgi- og frídagur og við það minnkaði mikið allt tilstand á þessum degi. Hérlendis hefur þrettándinn öðru fremur verið lokadagur



jóla en eftir tímatsbreytinguna árið 1700 munaði ekki miklu að hann bæri upp á sama dag og jólin hefðu annars byrjað samkvæmt gamla tímatalinu.

Alengt var að gera sér dagamun í lok jóla og einnig var þrettándinn eins konar varadagur fyrir útskemmtanir ef veður brást um

áramót. En nær eini siðurinn sem tengist þrettándanum í dag eru útskemmtanir með brennu, dansi og söng. Þar koma fram álfar, tröll, jólasveinar og aðrir slíkir. Fólk kemur saman við brennuna með kyndla, skýtur upp síðustu flugeldunum frá áramótunum og syngur saman áramóta- og álfasöngva.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
PÓRÓLFUR PÁLSSON
lést á Landspítala, Fossvogi, fimmtudaginn 2. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Eydis María Þóroldsdóttir
Dóra Kristín Þóroldsdóttir
Inga Þóroldsdóttir
Kristján Máni, Eva Kristín, Svanhvít Þóra, María Björk, Hildur Herdís og Axel Þór

Sigurður Ómar Ásgrímsson
Einar Baldvín Axelsson

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,
BORGHILD INGER STEINGRÍMSDÓTTIR
Árskógum 8, Reykjavík,
lést föstudaginn 27. desember á Landspítalanum Fossvogi. Útförin fer fram frá Seljakirkju kl. 13.00 þriðjudaginn 7. janúar.

Einar Ingvarsson
Ellen Einarsdóttir
Steingrímur Einarsson
Ingvar Einarsson
Guðrún María Einarsdóttir og barnabörn.

Ólafur Sigurðarson
Sigríður Jóna Sigurjónsdóttir
Kalísuri Murugasn
Viðar Ásgeirsson

Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
JÓN ÓLAFUR ÍVARSSON
skipstjóri
Ránarbraut 22, Skagaströnd,
lést á heimili sínu sunnudaginn 29. desember. Útförin fer fram frá Hólaneskirkju Skagaströnd föstudaginn 10. janúar og hefst kl. 14.00.

Guðrún Sigurðardóttir
Þórey Jónsdóttir
Hallbjörg Jónsdóttir
Sigrún Jónsdóttir
Ingvar Þór Jónsson
Guðrún Sigurðardóttir
Sigurbjörn Björgvinsson
Sigurjón Ingi Ingólfsson
Sigríður Björk Sveinsdóttir

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
BERTA GUÐRÚN ENGI LBERTSDÓTTIR
Sléttuvegi 23, Reykjavík,
lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí 23. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 7. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á FAAS (Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga), sími 533 1088 eða faas.is.

Eyjólfur Davíðsson
Héðinn Eyjólfsson
Guðrún S. Eyjólfsdóttir
Sigríður Eyjólfsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún H. Fjalldal
Snjólfur Ólafsson
Ólafur Ó. Guðmundsson



VIÐ PÍANÓIÐ „Tónlistin hefur verið mín ástríða lengi og þegar hún kemur til mín þá verð ég að gera eitthvað úr henni,“ segir Bjarni Freyr.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vörn gegn fordómum

Andlegir kvillar og áhrif þeirra á samfélagið er þema plötunnar It Was My Mind sem Bjarni Freyr Pétursson gaf út rétt fyrir jól. Hún er ætluð sem vörn gegn fordómum.

Bjarni Freyr Pétursson er 24 ára tónlistarmaður sem kemur fram undir listamannsnafninu Lonewolf. Hann gaf út plötu með eigin efni nýlega sem ber heitið It Was My Mind. Platan er í raun ein saga og fjallar meðal annars um geðsjúkdóma og hvernig manns-hugurinn virkar, að sögn höfundarins. „Ég er búinn að semja bæði tónlist og texta í dálitinn tíma og alltaf út frá ákveðnum þemum,“ útskýrir hann.

„Fyrsta platan mín, Expectations, Ideas and Emotions kom út í mars 2013 og fjallaði um tilfinningar, ást, sorg og missi en þemað bak við þessa plötu er geðsjúkdómar og kveikjan er áhugi minn á þeim eftir að hafa kynnst þeim í kringum mig.“ Hann kveðst vilja vekja athygli á þeirri þöggun sem oft eigi sér stað innan fjölskyldna sem geðsýki verður vart í. „Á bak við geðsjúkdóma á ekki að vera nein skömm. Það velur sér enginn að fá átröskun eða hugsar um hvað hann langi mikið

til að vera með geðhvarfasýki,“ bendir hann á.

Á nýju plötunni eru nú lög og Bjarni Freyr hefur gert myndbönd við fjögur þeirra í samstarfi við unga leikstjóra og myndatökulið. Þau birta meðal annars togstreituna sem skapast innra með fólki sem finnur ekki ró, glímur við áratuðegðun og er aldrei sátt við sjálft sig. „Með því að búa til efni um andlega sjúkdóma vil ég styðja við þá sem berjast við þá í lífi sínu sem sjúklingar eða aðstandendur þeirra. Ég vil halda umræðunni opinni um þessi viðkvæmu mál, það er vopn í baráttunni gegn fordómum.“ segir hann.

Grimmd mannskepnunnar gagnvart náttúrunni kemur líka við sögu á It Was My Mind. „Mér finnst fólk ekki fara nógu vel með jörðina, umhverfið og dýrin sem vantar rödd og þurfa sterka málsvara,“ tekur hann fram.

Bjarni Freyr kveðst hafa haft áhuga á tónlist frá því hann man eftir sér,

„**Á bak við geðsjúkdóma á ekki að vera nein skömm. Það velur sér enginn að fá átröskun eða hugsar um hvað hann langi mikið til að vera með geðhvarfasýki.**

hann syngur og spilar á gítar og píanó og tölvan er líka hans verkfæri. Hann var í bílskúrsböndum sem krakki og í þungarokkinu í nokkur ár, meðal annars í sveitinni Project Lonewolf. Auk þess hefur hann starfað sem hljóðmaður, meðal annars í Þjóðleikhúsinu. Nú er hann á förum í hljóðupptökuskóla í London sem nefnist Alchemia til að mennta sig í upptökutækni og vonast til að geta nýtt tímann líka til að semja. „Tónlistin hefur verið mín ástríða lengi og þegar hún kemur til mín þá verð ég að gera eitthvað úr henni,“ segir hann.

gun@frettabladid.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



KÓSÍSTEMNING Í JANÚAR

Nú þegar jólatré og skraut er tekið niður verður umhverfið dapurlegt. Þá er um að gera að kveikja á kertum eða leyfa einhverri ljósaseriunni að loga út janúar. Þessi mánuður er stundum lengi að líða og í góðu lagi að hafa það kósí.

KAUPIR HÚSMUNI FREKAR EN FÖT

HEIMILI Tinna Pétursdóttir hönnuður er stöðugt að breyta til á heimilinu. Hún safnar í kringum sig persónulegum munum og forðast tískubylgjur.

Deux-lampinn er í sérstöku uppáhaldi hjá mér. Kunningjakona mín er stálsmiður og hönnuður, en hún keypti hönnunina á lampanum og framleiðir hann sjálf. Hún gaf mér eitt stykki en hann er nýkominn á markaðinn í Berlín. Lampinn er öðru vísi og mikið stofustáss. Svo leiðist mér ekki að það eiga ekki margir svona lampa,“ segir Tinna Pétursdóttir, grafískur hönnuður og fagurkeri, þegar hún er spurð út í uppahaldshlutinn á heimilinu.

Hún segist forðast tískubylgjur og viðurkennir að tengjast hlutum tilfinningaböndum. „Ég tengist hlutum kjánalega mikið og nenni ekki að eiga hluti sem ég tengist ekkert. Það er því ekki hægt að tala um neinn ákveðinn stíl heima hjá mér, þetta eru bara persónulegir hlutir sem ég umkringi mig með. Þannig líður mér best. Ég er mikill fagurkeri og stöðugt að dunda mér við heimilið og breyta til. Skipta um liti, hengja eitthvað upp eða taka niður og skipta út römmum. Ég er samt ekkert í því að hreinsa allt út og skipta um stíl, ég lappa frekar upp á, skipti um höldur og slíkt,“ segir Tinna og segist frekar kaupa sér hluti fyrir heimilið en fót og skó.

Tinna hannar vörur undir merkinu Dóttir & Sonur, meðal annars veggfóður, púða og plaköt og þá vakti loftljósið Lightlace athygli þegar það kom út fyrir nokkrum misserum. Tinna er grafískur hönnuður og segist yfirleitt byrja að búa til munstur og síðan spretti hugmyndirnar út frá þeim.

„Ég fór aðeins út fyrir þægindarammann við hönnun ljóssins, sem var bara mjög skemmtilegt. Yfirleitt vinn ég munstur og var einmitt að gera nýtt plakát núna, sem ég er búin að setja upp hjá mér,“ segir Tinna. En skreytir hún heimilið mikið fyrir jólin?

„Ég skreyti rosalega mikið. „Less is more“ á alls ekki við hjá mér,“ segir hún hlæjandi. „Ég safna kúlum og á mikið af vintage-jólaakúllum í bland við pappaskraut og fönður frá börnunum, það fer allt upp. En svo fæ ég algjört ógeð og verð að drífa allt niður, strax eftir jól.“


Nánar má forvitnast um hönnun Tinnu á www.dottirandsonur.com.

FAGURKERI

Tinna Pétursdóttir hönnuður heldur mikið upp á lampann Deux. MYND/GVA



NÝJASTA VARAN Tinna vinnur mikið af munstrum og var að senda frá sér nýtt plakát. Vörurnar má nálgast í Aurum í Bankastræti og Farva í Álftheimum. Þá heldur Tinna úti vefverslun á www.dottirandsonur.com. MYND/ARI MAGG



Sjálfvirkur hurðaropnunarþúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

TUDOR RAFGEYMAR



Hvalvatn 2013

Er bíllinn viðbúinn kuldanum í vetur?

TUDOR **SKORRI** **TUDOR**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Rýmum

til fyrir nýjum heilsudýnum og bjóðum því góðan afslátt af frábærum verðum!

Komdu og gerðu ævintýrlega góð kaup!

20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Verð frá 7990

Hljóðlátar VIFTUR íshúsið

viftur.is

Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata

SIGURÐAR HÁKONARSONAR



20% AFSLATTUR fyrir börn 3-5 ára byrjendur Systkinaafaláttur

DANSNÁMSKEIÐ

STANDARD - SUÐUR-AMÉRÍSKIR DANSAR - BARNADANSAR - ZUMBA

FYRIR FULLORÐNA, UNGLINGA OG BÖRN, BYRJENDUR OG FRAMHALD

- Starfsmanna- og stéttarfélag veita styrki vegna dansnámskeiða. Frístundakort og niðurgreiðsla hjá Sveitarfélögum.
- Innritun og upplýsingar í síma 564 1111 - www.dansari.is

DANSSKÓLI SIGURÐAR HÁKONARSONAR
Dansiþróttafélag Kópavogs - AUÐBREKKU 17 KÓPAVOGI

Enskuskóli Erlu Ara - Let's speak English

Enskunámskeið í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna

Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflestir á aldrinum 40 ára og eldri.

- 10 gestustig með áherslu á tal
- Öllu lefni fylgja hljóðdiskar
- Styrkt af starfsmenntasjóðum

www.enska fyrir alla.is

Skráning stendur yfir í síma 8917576 og erlaara@gmail.com



Sumarið 2014 verður boðið upp á námsferð til Englands, bæði fyrir unglunga og fullorðna.

Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÖDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Næsta meirapróf byrjar 8. janúar 2014

BILLIARD-HRINGIR UM ALLAN HEIM

ÍSLENSK HÖNNUN SOSK Design hefur nýtt netið og samfélagsmiðla með góðum árangri. Billiard-hringurinn hefur verið seldur til fjölda landa.

Sala á íslenskri hönnun erlendis vex ár frá ári og þar hafa vefurinn og samfélagsmiðlarnir hjálpað mikið til. Einn ungur hönnuður, Sunna Ósk hjá SOSK Design, hefur vakið athygli erlendis fyrir ávaxtarennu sem hún kynnti á Pinterest-síðu sinni. Í kjölfarið hefur hún fengið um þrjú þúsund fyrirspurnir að utan frá aðilum sem vilja kaupa hana eða selja í smásölu. Önnur skemmtileg vara sem hún hefur hannað er billiard-hringur sem ætlaður er þeim sem spila billiard og snóker að sögn Sunnu Óskar. „Langstærstur hlutur sölunnar fer til Bandaríkjanna en ég hef einnig selt þá til Japans, Bretlands, Kanada, Ástralíu, Georgíu, Ítalíu, Hollands, Noregs og Rússlands. Salan fer fram í gegnum netverslunina Reykjavík Corner Store sem selur mikið af íslenskri hönnun til útlanda. Salan fór hægt af stað fyrir um ári en fór á gott flug þegar samstarfsaðilar okkar í Bandaríkjunum hófu að kynna hringinn fyrir viðskiptavinum sínum.“ Hringirnir eru til í sex stærðum og nokkrum litum.



VINSÆL HÖNNUN
Sunna Ósk Þorvaldsdóttir, hönnuður hjá SOSK Design, hefur selt billiard-hringi sína til fjölda landa.
MYND/VALLI



NYTSAMLEGUR
Billiard-hringurinn er til í sex stærðum og nokkrum litum.
MYND/ÚR MYNDASAFNI



SUNNA ÓSK SOSK DESIGN

HÚSGÖGNIN LÍKT OG TEIKNUÐ

Suður-kóreski hönnuðurinn Jinil Parks hefur búið til húsgagnalínu sem lítur út eins og hún sé teiknuð.

Húsgögnin, sem eru úr línuni Drawing, eru bún til úr stál-vírum. Í línunni eru tveir stólar, tveir lampar og borð sem öll líta út eins og gróflega teiknuð skissa. Park byrjaði á að skissa upp húsgögnin með línunum sem skerast og valdi síðan nokkrar þeirra og lét útbúa í þrívídd. Hún notaði víra af mismunandi þykkt sem hún sauð saman til að búa til nógu sterkt form.

Drawing-línan var sýnd á Gwangju-hönnunartværingnum í Suður-Kóreu sem stóð frá september fram í nóvember á síðasta ári.

Heimild: www.dezeen.com



DRAWING Húsgagnalínan er eftir kóreska hönnuðinn Jinil Park.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal
Sölumenn: Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrir@365.is, s. 512 5432 Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Gústaf Adolf Björnsson lögg. fasteignasali
Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi
Erla Dröfn Magnúsdóttir lögfræðingur
Ásdís Irena Sigurðardóttir skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500



FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Dalsás 2-6 - Hafnarfjörður – Glæsilegt fjölbýli



Hraunhamar fasteignasala kynnrir í einkasölu glæsilegar fullbúnar 94 – 125 fermetra 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir með sér inngang ásamt stæði í bilageymslu fyrir sérvaldar íbúðir. Dalsás 2-6 er vel staðsett 28 íbúða fjölbýli á frábærum útsýnisstað í Áslandinu í Hafnarfirði. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með vönduðum innréttingum og gólfefnum þær fyrstu í mars 2014.

Upplýsingar veita sölumenn Hraunhamars.

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

Einbýli á skjólsælum stað í Fossvoginum

Heimili fasteignasala sími 530 6500 kynnrir: Einbýli í Fossvogi á tveimur hæðum, 260 m², með innbyggðum bílskúr.

Húsið er í gamalgrónu hverfi í Fossvogi, stendur í botnlanga á mjög skjólgóðum stað. Það var byggt árið 1974 og er íbúðarrými skráð 221 m² en bílskúrinn 38,3 m².

Gengið er inn í flísalagða forstofu með góðu skáplássí. Til hliðar er forstofuherbergi með parketi á gólfi og góðum skáp. Gestasnyrting með flísum á gólfi. Stofan er L-laga, parketlögð og með arni. Gengt er úr stofu út á hellulagða verönd. Eldhúsið er með parketi á gólfi, viðarinnréttingu og góðum eldhúskrók. Herbergisgangur er parketlagður með góðu skáparými. Badherbergi er flísalagt með



Húsið er í Fossvogi, grónu og fallegu hverfi.

viðarinnréttingu, sturtuklefa og baðkari. Þvottahús með flísum á gólfi. Fjögur svefnherbergi með parketi á gólfi. Inn af hjónaherbergi er fataherbergi, gengt er úr hjónaherbergi út á hellulagða verönd.

Á milli hæða er hringstigi niður í kjallara. Sér inngangur er í kjallarann. Hol með dúk á gólfi. Herbergi með parketi á gólfi. Geymsla. Stórt rými með dúk á gólfi. Gott hús á rólegum stað. Þakið er nýlega endurnýjað.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is

KJARNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Köllunarklettsvegur 8 - 104 Reykjavík



2416 m² atvinnuhúsnæði við Köllunarklettsveg 8 í Reykjavík. Húsnæði er í leigu til Nýherja til janúar 2022, með góðum leigutekjum. V. 390,0 m.

Nóatún 24 - 105 Reykjavík

Laus strax

70,7 fm 3ja herb. risibúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi við Nóatún í Rvk. Íbúðin er skráð 54,6 fm og geymsla 16,1, samtals 70,7 fm auk þess eru óskráðir 6,8 fm í risi. V. 19,5 m.

Lindargata 31 - 101 Reykjavík

Laus strax

Mjög glæsileg 127,5 m², 3-4ra herbergja íbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í bílarkjallara í litlu lyftuhúsi við Lindargötu 31 í Skuggahverfinu í Reykjavík. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Íbúðin er nýmáluð, og búið að slípa parket. V. 53,7 m.

Kleifarsel 16 - 109 Reykjavík

Laus strax

Falleg 113,4 m², 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum við Kleifarsel 16 Rvk. V. 27,9 m.

Álfhólsvegur 115 - 200 Kópavogur

Nýtt á skrá

Laus strax

125,8 fm, 5 herb. + eitt herb og geymsla í kjallara og bílskúr í tvíbýlishúsi við Álfhólsveg í Kópavogi. Íbúð skráð 99,9 fm, 4 herb. á neðri hæð auk herbergis og geymslu í kjallara og bílskúr skráður 25,9 fm alls 125,8 fm. V. 30,9 m.

Hólaberg 14 - 111 Reykjavík

Nýtt á skrá

Laus strax

128,2 m² parhús á 2 hæðum við Hólaberg 14 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. Fimm svefnherbergi og gott skipulag. Tvær timburverandir. Húsið er í heild sinni orðið nokkuð slátt að innan og þarfnast standsetningar. V. 29,9 m.

Suðurlíð 35 - 105 Reykjavík

Nýtt á skrá

Laus strax

Vorum að fá í sölu þrjár íbúðir á fyrstu hæð í fjölbýlishúsi/gistiheimili við Suðurlíð í Reykjavík. Íbúðirnar þarfnast standsetningar.

Íbúð 104 54,6 m² 3ja herbergja V. 16,0 m.
 Íbúð 105 48,8 m² 2ja herbergja V. 14,0 m.
 Íbúð 106 71,2 m², 3ja herbergja V. 18,0 m.

Klukkanirimi 59 - 112 Reykjavík

Nýtt á skrá

Laus strax

Falleg 89 m², 3ja herbergja. íbúð með séringangi á 2. hæð við Klukkanirimi 59. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, badherbergi, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla á jarðhæð. V. 23,9 m.

Prastarhöfði 2 - 270 Mosfellsbær

Laus strax

Glæsileg 98,1 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Prastarhöfða í Mosfellsbæ ásamt bílastæði í bílarkjallara. Eignin er sérlega falleg og vel umgengin. Fallegar innréttingar og gólfefni. V. 29,5 m.

Grensásvegur 16 - 108 Reykjavík

Nýtt á skrá

Laus strax

Gott 577,1 m² verslunarhúsnæði á jarðhæð við Grensásveg 16 í Reykjavík. Húsnæði með góðum gluggum á þessum vinsæla stað og miklu auglýsingagildi. Húsnæðinu er í dag skipt í tvö bil. V. 84,9 m.

Prastarhöfði 1 - 270 Mosfellsbær

Nýtt á skrá

Laus strax

Mjög falleg 122,8 m², 4-5 herbergja endaiðbúð á jarðhæð í 3ja hæða fjölbýli við Prastarhöfða 1-3 í Mosfellsbæ, ásamt stæði í bílarkjallara og sér garði. Frábær staðsetning. Gott skipulag. Rúmgóð svefnherbergi. Fallegar innréttingar og gólfefni. V. 34,9 m.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Guðmundur H. Steinþórsson
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Sálumatur
gsti@fastmark.is



Elín D. Wyszamirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Halveig Guðadóttir
Skrifstofustjóri
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Laufásvegur- 3ja herbergja íbúð.



Glæsileg 94,5 fm. íbúð á 2. hæð í fallegu steinhúsi við Laufásveg auk 30 fermetra harðviðarverandar til suðausturs.

Eignin hefur verið mikið endurnýjuð nýlega, m.a. gólfefni, baðherbergi, eldhús og gler auk raflagna. Samliggjandi stofur. Fataherbergi innaf hjónaherbergi.

Mjög falleg, fríðsæl og mikið endurnýjuð íbúð á frábærum stað í miðborginni.

Verð 39,9 millj.

Hraunteigur- 4ra herbergja



Falleg 100,8 fm. 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í Austurbæ Rekjavíkur.

Laugardalurinn er í göngufæri og stutt er í alla þjónustu m.a. skóla og leikskóla. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð m.a. eldhús og gólfefni ásamt gluggum og gleri. Svalir til suðausturs út af borðstofu. Rúmgóð stofa og tvö herbergi. Sameiginlegur inngangur er með annari íbúð á hæðinni. Laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 34,5 millj.

2JA HERBERGJA



SKELJAGRANDI- REYKJAVÍK.

- 56,2 fm. íbúð á 1. hæð með sérinngangi.
- Suðursvalir. Sér staði í bílageymslu.
- Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu.
- Íbúðinni fylgir 11 fm. sér geymsla í kjallara.

22,9 millj.

3JA HERBERGJA



LAUTASMÁRI – KÓPAVOGI.

- Falleg 95,1 fm. íbúð á 1. hæð auk 7,7 fm. geymslu í kj.
- Stór afgirt suður verönd út af stofu.
- Gegnheilt stafaparket á gólfum.
- Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu.

31,5 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



GULLSMÁRI- KÓPAVOGI. 4RA HERBER.

- Mjög góð 94,6 fm. íbúð á 2. hæð, miðhæð í litlu fjölbýli.
- Þrjú góð svefnherbergi. Geymsla innan íbúðar.
- Opið eldhús. Svalir til suðausturs út af stofu.
- Frábær staðsetning. Stutt í skóla og verslanir.

29,0 millj.

SÉRBÝLI



DRAUMAHÆÐ – GARÐABÆ.

- Glæsilegt 159,1 fm. 5 herb. raðhús á tveimur hæðum.
- Stofa með stórum útbýgðum gluggum.
- Rúmgóð sjónvarpsstofa, hægt er að breyta í svefnherbergi.
- Útsýni til sjávar. Stórar suðursvalir.
- Skjólgóð verönd til suðurs

53,9 millj.



NJÁLSGATA – 2JA – 3JA HERBERGJA.

- Mikið endurnýjuð 58,5 fm. íbúð á 5. hæð.
- Suður svalir með útsýni. Nýleg innrétting í eldhúsi.
- Auðvelt er að bæta við herbergi í hluta af stofu.
- Stór stofa og borðstofa.

21,9 millj.



SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR. 3JA HERB.

- Glæsileg 67,1 fm. íbúð auk 5,3 fm. geymslu.
- Nýlegt lyftuhús neðarlega við Skólavörðustíginn.
- Rúmgóðar hellulagðar suðvestur svalir.
- Frábær staðsetning í miðbænum.

31,7 millj.



ÁSBRAUT- KÓPAVOGI. 4RA HERB.

- 85,9 fm. íbúð á 4. hæð ásamt 25,2 fm. bílskúr.
- Suðursvalir með miklu útsýni.
- Rúmgóð stofa. Þrjú herbergi.
- Húsið hefur allt verið klætt að utan.

24,9 millj.



UNDRALAND- REYKJAVÍK.

- Afar vel skipulagt 277,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum.
- Arinstofa. Samliggjandi borð- og setustofa. Sjónvarpsstofa.
- Mógulegt er að hafa allt að 7 svefnherbergi í húsinu.
- Gróinn og skjólsæll staður miðsvæðis í Reykjavík.

75,0 millj.

ELDRÍ BORGARAR



HVASSALEITI 58.

- Góð 65,4 fm. íbúð á 2. hæð í þessu eftirsóttá húsi.
- Tvær geymslur fylgja íbúðinni
- Stofa með útgangi á svalir til suðvesturs.
- Sameign til fyrirmyndar. Þjónustusel á jarðhæð.

26,9 millj.



VESTURVALLAGATA.

- Falleg og björt 77,4 fm. íbúð á 1. hæð í vesturborginni.
- Rúmgóð stofa. Tvö góð herbergi.
- Skjólsælar suðursvalir. Nýjar raflagnir. Sér geymsla í kj.
- Frábær staðsetning. Stutt í skóla og aðra þjónustu.

24,9 millj.



ÁLFTAHLÓLAR – RVK. 4RA HERB.

- Góð 108,6 fm. íbúð á 4. hæð að meðt. geymslu í kjallara.
- Rúmgóð stofa með útgangi á suðursvalir.
- Þrjú herbergi. Lyfta.
- Íbúðinni fylgir 29,6 fermetra bílskúr.

25,9 millj.



LAUGARÁSVEGUR – REYKJAVÍK.

- 200,0 fm. tvílyft parhús að meðt. 22,2 fm. innb. bílskúr.
- Sofa og borðstofa með aukinni lofthæð. Arinn í stofu.
- Flísalagðar svalir til suðurs. Hellulagð verönd.
- Frábær staðsetning. Laust til afhendingar fljótlega.

65,0 millj.



GARÐASTRÆTI

Garðastræti. Heil húseign.

365,9 fm. húseign á þremur hæðum auk geymsluriss við Garðastræti auk 5 sér bílastæða á framlóð hússins. Grunnflötur hverrar hæðar hússins er um 120 fermetrar. Tvær samþykktar íbúðir eru í húsinu auk kjallara. Full lofthæð er í kjallara hússins. Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.



HJARÐARHAGI

Hjarðarhagi. Glæsileg 4ra herbergja íbúð.

Mjög falleg 101,2 fm. 4ra herbergja íbúð á 4. hæð ásamt 24,0 fm. bílskúr eða samtals 125,2 fm. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð undanfarið ár m.a. eldhús, baðherbergi, allar innihurðar, gluggar og gler að stórum hluta og gólfefni (nýtt parket 2013 hvíttuð eik). Endaíbúð með glugga á þrjú vegu. Austursvalir með fallegu útsýni. Frábær staðsetning í vesturbænum. Verð 39,2 millj.

SÚLUNES



Súlunes-Garðabæ. Efri sérh.

Stórglæsileg 176,8 fm. 6 herbergja, efri sérhæð í tví-býlishúsi á Arnarnesi auk 37,2 fm. tvöfalda bílskúrs. Aukin lofthæð er í eigninni. Gólfhiti. Vandaðar inn-réttingar og tæki. Extra háar innihurðir. Samliggjandi rúmgóðar stofur með arni. Glæsilegt eldhús. Sjónvarpshol. Fjögur herbergja. Stórar svalir til suðurs og útsýni til sjávar. Gluggar eru allir úr áli og viðhaldsfrír.

Verð 69,9 millj.



KIRKJULUNDUR



Kirkjulundur 12 - 14, Garðabæ

- Glæsilegar 3ja – 4ra herbergja lúxusíbúðir með yfirbyggðum svölum og frábæru útsýni.
- Lyfta og sér stæði í bílageymslu.
- Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna, en baðherbergi, þvottaherbergi og gestasalerni flísalögð.
- Allar innréttingar eru sérsmiðaðar
- Eikarinnréttingar frá Fagus ehf.
- Afhending íbúða er í mars – apríl 2014.
- Stærðir íbúða eru frá 91,4 fm. upp í 136,7 fm.
- Íbúðirnar eru sýndar í samráði við sölumenn Fasteignamarkaðarins ehf.
- Byggingaraðili: Kristjánssynir ehf.

SÉRBÝLI



GRANASKJÓL.

Glæsilegt um 340 fm. einbýlishús með innbyggðum bílskúr í vesturbænum. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförunum árum á vandaðan og smekklegan hátt. Rúmgóðar og bjartar stofur. Glæsilegt eldhús með sérsmiðuðum innréttingum. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Hátt til lofts á efri hæð. Garður í suður og vestur með um 60 -70 fm. veröndum úr harðvíði og fallegri lýsingu.

99,0 millj.

SÉRBÝLI



MELHÆÐ- GARÐABÆ.

Glæsilegt 467,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innb. 85,0 fm. bílskúr á góðum stað í grónu hverfi í Garðabæ. 6 svefnherbergi og glæsilegar stórar stofur með arni. Sólskáli með heitum potti. Sjónvarpsstofa með útgengi á svalir til suðurs. Húsið hefur verið þó nokkuð endurnýjað að innan á undanförunum árum. Skjólgóð viðvarvernd til suðurs. 5 bílastæði eru á lóð fyrir framan húsið.

109,0 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



LINNETSSTÍGUR – HAFNARFIRÐI.

Stórglæsileg og óvenju vönduð 157,4 fm penthouse íbúð ásamt tveimur sér stæðum í bílageymslu í nýlegu frábærliga staðsettu lyftuhúsi. Eignin er byggð árið 2005 og hefur aldrei verið búið í eigninni. Innréttingar eru í hæsta gæðaflokk. Gegnhelt parket. Hjónasvita með baðherbergi og fataherbergi inn af. Stórar stofur með útgengi út á mjög stórra svalir sem liggja meðfram allri íbúðinni.

65,0 millj.



BAKKASTAÐIR. FRÁBÆR STAÐSETNING.

253,8 fm. einbýlishús með óinnréttuðu rými í risi á frábærum stað í Grafarvoginum. Húsið er 211,8 fm. og bílskúrin er 42 fm. Húsið er fullbúið að innan, en að utan er eftir að mála og klára lóð og innkeyrslu. Tvennar stofur auk borðstofu. Fjögur herbergja. Stór tæplega 100 fermetra suðvestur verönd með heitum pott. Frábært útsýni og stutt í skóla og leikskóla. Arkitekt er Vífill Magnússon.

71,0 millj.



KLEIFARÁS – REYKJAVÍK

Vandað og veglegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr, ofan við götu í Seláshverfi. Tvær íbúðir eru í húsinu í dag og er möguleiki á góðum leigutekjum af neðri hæð. Fjöldi herbergja. Glæsilegur gróinn garður sem hefur verið vel hirtur í gegnum árin. Stór sólpallur. Eignin er staðsett á mjög fjölskylduvænum stað en stutt er í Elliðaárdalinn, sundlaug, íþróttahús, skóla og verslanir.

69,9 millj.



STIGAHLIÐ- 3JA – 4RA HERB.

Falleg 107,5 fm. 3ja til 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi og sér afgirtri vestur verönd. Rúmgóð stofa. Eldhús með nýjum tækjum. Húsið hefur allt verið klætt að utan og er í góðu ásigkomulagi. Frábær staðsetning stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu.

26,9 millj.

HLÍÐARVEGUR



Hlíðarvegur - Suðurhlíðar Kópavogs. Glæsilegar íbúðir.

Íbúðirnar eru tvær og eru nánast algjörliga endurnýjaðar á vandaðan og smekklegan hátt. Hvítar háglansinnréttingar í eldhúsum og á baðherbergjum. Ný gólfefni og nýjar innihurðir. Allar lagnir endurnýjaðar. Ný hellulögn fyrir framan hús og næg bílastæði.

- 4ra herbergja – Til afhendingar strax. Verð 34,5 millj.
- 4ra herbergja með bílskúr – Til afhendingar strax. Verð 36,9 millj.

Frábær staðsetning. Stutt í skóla og alla þjónustu.

SÆBRAUT



Sæbraut - Seltjarnarnesi. Sjávarlóð.

